


NÝSIR HF. RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA

**TILLÖGUR AÐ STEFNUMÖRKUN
REYKJAVÍKURBORGAR Í
BYGGINGARMÁLUM FRAMHALDSSKÓLA**



JANÚAR 2003

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	3
2	NÚVERANDI STAÐA	5
	2.1 Inngangur	5
	2.2 Yfirlit um húsnæði framhaldsskóla í borginni	6
	2.3 Stærð framhaldsskóla	9
	2.4 Íbúafjöldi á framhaldsskólaaldri	10
	2.5 Staðsetning framhaldsskóla	11
	2.6 Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga	12
	2.7 Hvað má betur fara?	14
3	NÝ HUGSUN Í FJÁRMÖGNUN OG FASTEIGNA- STJÓRNUN FRAMHALDSSKÓLANNA	15
	3.1 Almenn hugleiðing	15
	3.2 Einkaframkvæmd	17
	3.3 Dæmi um útfærslur á einkaframkvæmd	20
	3.4 Ný viðhorf í fasteignastjórnun	22
4	HELSTU ÁHRIFABÆTTIR OG MÖGULEIKAR Í BYGGINGARMÁLUM FRAMHALDSSKÓLANNA	24
	4.1 Inngangur	24
	4.2 Stytting námstíma til stúdentsprófs	24
	4.3 Sérhæfing og verkaskipting milli skóla	25
	4.4 Bekkja- eða áfangakerfi?	26
	4.5 Hagkvæm stærð skóla	27
	4.6 Skipulagssjónarmið	28
	4.7 Helstu nýbyggingarsvæði	29
	4.8 Helstu leiðir sem til greina koma	31
5	LEIÐIR TIL STEFNUMÖRKUNAR	39
	Leið 1	41
	Leið 2	45
	Leið 3	48
	Leið 4	51
	Leið 5	54
	VIÐAUKI	57

1 INNGANGUR

Að beiðni borgarstjórans í Reykjavík, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, tók Nýsir hf. ráðgjafarþjónusta að sér að skoða hvernig Reykjavíkurborg geti lagt sitt af mörkum, í samstarfi við ríkið og nágrennasveitarfélögin, til að bæta núverandi húsnæðisaðstöðu framhaldsskólanna í Reykjavík. Jafnframt að aðstoða borgina við að móta stefnumarkandi tillögur um uppbyggingu, fjármögnun og staðsetningu nýrra framhaldsskóla í borginni sem síðan yrðu væntanlega lagðar fyrir menntamálaráðuneytið og nágrennasveitarfélögin.

Safnað var gögnum frá Hagstofu Íslands og menntamálaráðuneytinu. Þá var farið yfir álit samstarfsnefndar borgarinnar og ráðuneytisins frá árinu 2001 og aflað upplýsinga úr tillögu að svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið 2001-2024. Einnig var rætt við borgarstjóra, framkvæmdastjóra skipulags- og byggingarsviðs, borgarverkfræðing og borgarlögmann, tvo skólameistara og kennara. Unnið var úr tölulegum upplýsingum um nemendafjölda, stærðir, gerð og staðsetningu framhaldsskólanna og er gerð grein fyrir þeim í sérstöku fylgiskjali í viðauka. Þá voru byggingar og lóðir allra framhaldsskóla í Reykjavík skoðaðar, svo og lóðir fyrir nýja skóla.

Í skýrslunni kemur fram að gera þurfi ráð fyrir stækkun eða nýbyggingum framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu öllu fram til 2012 sem nemur rými fyrir u.þ.b. 1.500 nemendaígildi, auk þess sem gera þarf ráð fyrir endurbótum og endurskipulagningu á núverandi húsnæði nokkurra framhaldsskóla. Fjallað er um stækkunarmöguleika skólanna á núverandi lóðum þeirra og lagðar fram hugmyndir að nýjum lóðum fyrir framhaldsskólabyggingar. Einnig er fjallað um aðstæður á a.m.k. tveimur stöðum þar sem samhengi er á milli lausna í húsnæðismálum framhaldsskóla og nærliggjandi grunnskóla. Þá er jafnframt fjallað um leiðir til að bæta nýtingu núverandi skólahúsnæðis og rætt um hvernig fasteignastjórnun þeirra geti orðið markvissari.

Að loknum inngangi er gerð stuttlega grein fyrir núverandi stöðu í byggingarmálum framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu, með sérstakri áherslu á Reykjavík, svo og stærð

þeirra, staðsetningu, íbúafjölda á framhaldsskólaaldri, skiptingu milli verknáms og bóknáms, auk almennrar umfjöllunar um málefni framhaldsskólanna. Að þeim kafla loknum er fjallað almennt um einkaframkvæmd og fasteignastjórnun og gerð grein fyrir hvaða möguleikar eru helstir í fjármögnun framhaldsskólanna. Þar á eftir er fjallað um helstu áhrifaþætti og möguleika sem til greina koma af hálfu Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í byggingarmálum framhaldsskóla á svæðinu. Miðað er við áætlaða fjölgun nemenda fram til ársins 2012 og að eftirspurn nemenda eftir námi í framhaldsskólum verði að fullu mætt í lok tímabilsins. Í lokakafla greinargerðarinnar eru settar fram fimm mismunandi leiðir í uppbyggingu framhaldsskóla í Reykjavík næstu 10 árin.

Að hálfu Nýsis hf. var Sigfús Jónsson verkefnisstjóri þessa verkefnis en jafnframt unnu að verkefninu ráðgjafarnir Guðjón Magnússon og Guðrún Ýr Sigbjörnsdóttir.

2 NÚVERANDI STAÐA

2.1 Inngangur

Húsnæðismál framhaldsskólanna í borginni hafa áður verið tekin til skoðunar. Síðari hluta árs 1999 skipuðu menntamálaráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík starfshóp til að meta þörf fyrir nýbyggingar framhaldsskóla í borginni og gera tillögur um framkvæmdir á næstu árum. Helstu niðurstöður starfshópsins voru þær að nýbyggingarþörf framhaldsskóla væri nú þegar um 15.000 fm. og þá væri ekki tekið tillit til fyrirsjáanlegrar fjölgunar borgarbúa. Starfshópurinn benti á að á næstu 5-10 árum yrði mikil fjölgun íbúa austan og norðan Elliðaána og að þar og í Mosfellsbæ risi líklega 15-20 þúsund manna byggð í nálægri framtíð með yfir 1.000 nemendum á framhaldsskólaaldri.

Starfshópurinn var sammála um að þegar í stað þyrfti að hefja undirbúning að byggingu þriggja nýrra skólahúsa. Í fyrsta lagi þyrfti nýbyggingu fyrir Kvennaskólann í Reykjavík. Gerð var tillaga um 6-7.000 fm. byggingu á landfyllingu í vikin milli Örfiriseyjar og Seltjarnarness. Í öðru lagi yrði að byggja nýtt 6-7.000 fm. hús fyrir Menntaskólann við Sund á nýrri lóð. Ekki var tilgreint hvar hentugast væri að hafa nýbygginguna. Í þriðja lagi þyrfti að byggja nýjan skóla í einu af nýju hverfunum nyrst í borginni. Miðað var við 6-8.000 fm. byggingu. Starfshópurinn taldi ennfremur að aðkallandi væri að hefja byggingu viðbótarhúsnæðis fyrir þá skóla sem byggju við þrengsli eða væru í ónothæfu húsnæði að hluta, s.s. uppbygging MR, ný kennsluálma við Fjölbrautaskólann við Ármúla, viðbygging við Iðnskólann í Reykjavík, létt bygging við FB (skemman) og bygging íþróttahúss við MH, Borgarholtsskóla og e.t.v. fleiri skóla.

Starfshópurinn vann gott starf og geta ráðgjafar Nýsis tekið undir helstu niðurstöður hans. Í þessari athugun er einblínt á hvaða lausnir koma helst til greina á þeim vandamálum og viðfangsefnum sem fram koma í niðurstöðum starfshópsins. Húsnæðismál skólanna eru einnig skoðuð út frá fleiri sjónarhornum, fjallað er á ítarlegri hátt um heppilega staði í borginni fyrir nýja skóla, kannaðar leiðir til fjármögnunar, fjallað um samstarf við ríkið

og nágrannasveitarfélögin og hugsanlega sölu eða nýtingu þess skólahúsnæðis sem framhaldsskólar munu flytja úr ef til þess kemur.

2.2 Yfirlit um húsnæði framhaldsskóla í borginni

Á meðfylgjandi töflu eru sýndir þeir níu framhaldsskólar sem starfandi eru í Reykjavík og til umfjöllunar eru í þessari skýrslu.

Tafla 1: Stærð framhaldsskóla í Reykjavík

Skóli:	Áætluð nemenda- ígildi 2003	Fermetrar	Fermetrar á nem.ígildi
Menntaskólinn í Reykjavík	747	5.730	7,6
Kvennaskólinn í Reykjavík	503	2.750	5,5
Menntaskólinn við Sund	672	6.590	9,8
Verslunarskóli Íslands	1.090	8.100	7,6
Menntaskólinn við Hamrahlíð	858	7.194	8,4
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	658	4.325	6,6
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.028	10.450	10,2
Borgarholtsskóli	697	10.500	15,1
Iðnskólinn í Reykjavík	1.295	14.575	11,2
Reykjavík alls:	7.548	70.214	9,1

Menntaskólinn í Reykjavík býr við þrengsli og óhentugt húsnæði sem dreifist á margar byggingar á reit skólans. Aðeins eru 7,6 fermetrar á hvert nemendaígildi. Þá er íþróttahús skólans ófullnægjandi. Viðfangsefnið er fyrst og fremst það að endurbyggja húsnæði á reit skólans og stækka það um a.m.k. 2.000-3.000 fermetra. Helst þyrfti stækkunin að verða meiri þannig að skólinn geti tekið allt að 900-1.000 nemendur og búið þeim góða aðstöðu.

Kvennaskólinn býr sömuleiðis við þrengsli og óhentugt húsnæði sem er tvískipt. Annars vegar fer starfsemi skólans fram í húsnæði skólans við Fríkirkjuveg og hins vegar í húsnæði við Grundarstíg sem áður hýsti Verslunarskólann. Stærð skólans takmarkast af

húsnæðisskortu. Það sem blasir við í húsnæðismálum skólans er að finna honum nýjan stað, stækka skólann og selja núverandi húsnæði.

Iðnskólinn í Reykjavík er í húsi á Skólavörðuholti sem byggt var á sínum tíma með bóklegt nám iðnnema í huga en síðar var byggð viðbygging fyrir verknám. Skólinn fékk á sínum tíma húsnæði Vörðuskóla til afnota og nýtir það enn. Þá þarf borgin á húsnæði Vörðuskóla að halda fyrir Austurbæjarskóla. Möguleikar á viðbyggingu við Iðnskólann virðast takmarkaðir nema helst að byggja eina hæð ofan á verknámsbygginguna.

Menntaskólinn við Hamrahlíð er í húsnæði sem byggt var fyrir skólann á árunum 1966-1971 og hentar vel fyrir um 700-800 nemendur. Þörf er á íþróttahúsi við skólann. Ef íþróttahús verður byggt mætti einnig byggja nokkrar kennslustofur í þeirri byggingu og tengja með tengigangi við núverandi skólahús. Þannig mætti hugsanlega stækka skólann.

Verslunarskóli Íslands er í sérbyggðu nýlegu húsnæði sem skólinn byggði við Ofanleiti fyrir nokkrum árum síðan.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla er í húsnæði sem byggt var fyrir 30-35 árum síðan sem gagnfræðaskóli. Húsnæðið hefur verið stækkað síðan. Ágætt rými er á lóð skólans fyrir stækkun og það mætti vel fjölga nemendum um 200-300.

Menntaskólinn við Sund er í tæplega 6.600 fermetra rými í húsnæði sem áður var hluti Vogaskóla og í viðbyggingum sem byggðar hafa verið síðan. Á sömu lóð er Vogaskóli, sem er grunnskóli en þarf stærra húsnæði en hann hefur í dag. Skipulag bygginga á þessari lóð einkennist af alls kyns viðbyggingum og tengibyggjum við upprunalegt skólahúsnæði á lóðinni. Með því að endurskipuleggja lóðina og fjarlægja óhentugar byggingar og lausar skólastofur má líklega leysa húsnæðismál beggja skólanna á lóðinni.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti er í húsnæði sem byggt var fyrir skólann fyrir 20-30 árum síðan. Skólinn er það fjölmennur að ekki er ráðlegt að fjölga nemendum en miða endurbætur á húsnæði við að uppfylla núverandi þarfir skólans.

Borgarholtsskóli er nýjasti framhaldsskólinn í Reykjavík og eru húsnæðismál hans í hvað bestu lagi af öllum framhaldsskólunum í Reykjavík. Hann er að hluta til verknámsskóli.

Reykjavíkurborg hefur ekki tekið þátt í kostnaði við uppbyggingu Menntaskólans í Reykjavík, Menntaskólans í Hamrahlíð, Menntaskólans við Sund og Verslunarskóla Íslands. Þegar Menntaskólinn við Sund flutti í núverandi húsnæði og breytti um nafn, keypti ríkið skólahúsnæðið af Reykjavíkurborg. Það var áður en núverandi lög um framhaldsskóla voru sett.

Borgin á hlut í húsnæði Kvennaskólans við Fríkirkjuveg frá þeim tíma að skólinn var á gagnfræðaskólastigi. Borgin hefur tekið þátt í uppbyggingu Iðnskólans í Reykjavík. Fyrir á árum laut Iðnskólinn stjórnar borgarinnar meðan lög mæltu svo fyrir. Reykjavíkurborg greiddi 50% af byggingarkostnaði Fjölbrautaskólans við Ármúla á meðan hann var á gagnfræðastigi. Eftir að hann varð framhaldsskóli hefur kostnaðarhlutdeildin verið leiðrétt. Gerðist það í tengslum við kaup borgarinnar á húsnæði Fósturskólans við Leirulæk af ríkinu. Borgin á því 40% hlut í byggingum Fjölbrautaskólans við Ármúla og hefur síðan tekið þátt í kostnaði við endurbætur.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og Borgarholtsskóli voru byggðir eftir að núverandi lög um framhaldsskóla tóku gildi. Reykjavíkurborg hefur tekið þátt í uppbyggingu þeirra eins og lög mæla fyrir. Þegar Borgarholtsskóli var byggður var sameiginleg byggingarnefnd ríkis og borgar starfandi og greiddi borgin 28% af byggingarkostnaði skólans, ríkið 60% og Mosfellsbær 12%.

2.3 Stærð framhaldsskóla

Nemendur í framhaldsskólum höfuðborgarsvæðisins eru nú rúmlega 12.000. Þar af eru nemendur í skólum í Reykjavík um 9.400 talsins. Allir nemendur framhaldsskólanna eru meðtaldir í þessum tölum, þ.e. nemendur sem eru í fullu námi, í hlutanámi, fjarnámi og í kvöldskólum. Hins vegar eru tæplega 10.000 pláss (nemendaígildi) fyrir nemendur í fullu námi í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu. Nemendaígildi í skólum Reykjavíkur eru um 7.500 en um 2.500 í öðrum sveitarfélögum á svæðinu. Nemendaígildi eru um 8.000 í bóknámi og um 2.000 í verk- og starfsnámi. Þessar tölur eru ónákvæmar því nokkuð algengt er að fólk sé í hlutanámi, kvöldskólum eða í fjarnámi. Ennfremur eru ekki til neinar samræmdar aðferðir um það hvernig nemendaígildi er reiknað.

Framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu eru 13 talsins og er heildarfermetrafjöldi þeirra um 96.000 fm. Í Reykjavík eru skólarnir 9 og heildarfermetrafjöldinn rúmlega 70.000 fm. Fjöldi fermetra á nemendaígildi er misjafn milli skóla. Hreinir bóknámsskólar þurfa fæsta fermetra á nemendaígildi en hreinir verknámsskólar flesta. Fjöldi fermetra á nemendaígildi á höfuðborgarsvæðinu er að meðaltali 10 fm. Í Reykjavík er fjöldi fermetra á nemendaígildi 9,1 fm. og 11,4 fm. í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur (Viðauki, tafla 4).

Á höfuðborgarsvæðinu eru 13 framhaldsskólar, þar af 7 hreinir bóknámsskólar (MR, VÍ, Kvennaskólinn, MH, MS, FG og Flensborgarskóli), 4 blandaðir skólar, þ.e. bók- og starfsnámi er blandað saman (FB, Borgarholtsskóli, MK og FÁ), og tveir verknámsskólar (Iðnskólinn í Reykjavík og Iðnskólinn í Hafnarfirði).

2.4 Íbúafjöldi á framhaldsskólaaldri

Íbúar Reykjavíkur voru 112.268 þann 1. desember 2001. Hlutfall íbúa á framhaldsskólaaldri í Reykjavík (16-19 ára) er 5,30% eða tæplega 6.000 manns. Á höfuðborgarsvæðinu er hlutfallið 5,58% eða tæplega 10.000 manns og á landinu öllu 5,94% eða 17.000 manns.

Hlutfall íbúa á framhaldsskólaaldri er nokkuð mismunandi eftir hverfum borgarinnar. Hæst er hlutfallið í Grafarvogi (hverfi 7) eða 8,02% og Árbæ (hverfi 5) eða 6,98% en lægst í Austurbæ að Kringlumýrarbraut (hverfi 2) 4,24% og í Austurbæ norðan Suðurlandsbrautar (hverfi 3) 4,36%. Nágrannasveitarfélög Reykjavíkur hafa öll hærra hlutfall íbúa á framhaldsskólaaldri og af þeim er Mosfellsbær með hæsta hlutfallið eða 6,67% (Viðauki, tafla 1).

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 er gert ráð fyrir að íbúum á svæðinu eigi eftir að fjölga um 14% frá 2001 til ársins 2012 eða úr 178.000 árið 2001 í 202.000 árið 2012. Mest fjölgun er áætluð í Garðabæ eða 60%, í Mosfellsbæ 48% og í Bessastaðahreppi 26%. Í Kópavogi er áætlað að fjölgunin verði 14%, í Reykjavík 10% og í Hafnarfirði 9%. Hins vegar er gert ráð fyrir að fjölgunin verði minni meðal íbúa á framhaldsskólaaldri (16-20 ára) eða um 10% á höfuðborgarsvæðinu. Í Reykjavík er áætlað að íbúum á framhaldsskólaaldri muni einungis fjölga um 7% til ársins 2012 en allt að 44% í Garðabæ, 35% í Mosfellsbæ og 19% í Bessastaðahreppi. Talið er að íbúum á framhaldsskólaaldri muni fjölga um 10% í Kópavogi og 6% í Hafnarfirði (Viðauki, tafla 2).

Aldursdreifing fólks á framhaldsskólaaldri er þannig að í bóknámi er langstærsti hópurinn á aldrinum 16-19 ára, þ.e. 4 árgangar. Í starfs- og verknámi er dreifingin meiri og meðalaldur hærri. Þótt hér sé stuðst við þá skilgreiningu að framhaldsskólaaldur sé 16-19 ára, verður að taka því með þeim fyrirvara að töluverður fjöldi þeirra sem eru 20 ára og eldri stundar nám í framhaldsskólum.

2.5 Staðsetning framhaldsskóla

Á höfuðborgarsvæðinu er um 60% fólks á framhaldsskólaaldri búsett í Reykjavík en þar er um 76% af framhaldsskólarýmum á svæðinu. Því má ljóst vera að straumur nemenda úr öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er mun stærri til Reykjavíkur en frá Reykjavík í framhaldsskóla í hinum sveitarfélögunum. Nemendur úr Mosfellsbæ, Seltjarnarnesi, Garðabæ og Kópavogi sækja töluvert í bóknám til Reykjavíkur. Hins vegar sækja nemendur úr Reykjavík nokkuð í starfsnám í Menntaskólann í Kópavogi og í Iðnskólann í Hafnarfirði.

Nemendur af landsbyggðinni sækja nám í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu í töluverðu mæli og í mun meira mæli en nemendur búsettir á höfuðborgarsvæðinu sækja í framhaldsskóla á landsbyggðinni. Það er í sjálfu sér eðlilegt þar sem möguleikarnir eru fleiri og fjölbreytnin meiri. Áætla má að allt að 1.000 nemendur af landsbyggðinni sækji nám í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Fólk á höfuðborgarsvæðinu sækir verk- og starfsnám almennt lengra að en bóknám. Bóknámsskólar eru fleiri og sókn í þá er mun bundnari eftir hverfum og borgarhlutum. Skólar sem bjóða verk- og starfsnám draga til sín nemendur alls staðar af höfuðborgarsvæðinu og líka í auknu mæli nemendur utan af landi, sem bóknám gerir reyndar líka.

Stór hluti, eða 77% af framhaldsskólarýmum í Reykjavík, eru vestan Elliðaána. Þar búa hins vegar einungis um 47% Reykvíkinga á framhaldsskólaaldri. Austan Elliðaána eru einungis 23% af framhaldsskólarýmum borgarinnar en þar búa 53% Reykvíkinga á framhaldsskólaaldri. Skipting framhaldsskólarýma milli borgarhluta Reykjavíkur er því ójöfn.

2.6 Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga

Stefnumörkun og ákvarðanatöku í byggingarmálum framhaldsskóla mótast mjög af verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þessum málaflokki, sem byggir á núgildandi lögum um framhaldsskóla.

Ríkið eða sveitarfélög, eitt eða fleiri, geta haft frumkvæði að stofnun nýs framhaldsskóla en skóli verður ekki stofnaður nema með samþykki Alþingis. Standi ríkið og eitt eða fleiri sveitarfélög sameiginlega að stofnun framhaldsskóla skal gera samning milli aðila um nýframkvæmdir, stofnbúnað og endurbyggingu húsnæðis sem aðilar samþykkja að standa að. Heimilt er að fela sveitarfélögum, sem aðild eiga að framhaldsskóla, að fara með undirbúning og umsjón með byggingarframkvæmdum. Samningar um framkvæmdir skulu undirritaðir af menntamálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum hins vegar. Fjármálaráðherra skal kynna fjárlaganefnd slíka samninga.

Kostnaður við byggingarframkvæmdir, aðrar framkvæmdir á lóð og stofnbúnað framhaldsskóla og heimavista við þá skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% áætlaðs kostnaðar samkvæmt viðmiðunarreglum (normkostnaður) þegar sveitarfélag eða sveitarfélög annast undirbúning og verkframkvæmd. Hlutur sveitarfélags eða sveitarfélaga er þá sá hluti kostnaðar sem ríkissjóður greiðir ekki. Samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélögum sem staðið hafa fyrir framkvæmdum við framhaldsskóla er kostnaðarhlutur þeirra oft um helmingur af stofnkostnaði.

Lóðir undir framhaldsskóla skulu sveitarfélög leggja til án kvaða eða gjalda. Þegar ríkissjóður ber ábyrgð á undirbúningi verks og stjórnar framkvæmdum, án íhlutunar sveitarfélags eða sveitarfélaga, greiðir sveitarfélag eða sveitarfélög 40% miðað við normkostnað en ríkissjóður hinn hlutann. Ráðuneytinu er heimilt að semja um aðra kostnaðaraðild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða að fengnu samþykki fjárlaganefndar.

Menntamálaráðherra skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis fyrir framhaldsskóla og málsmeðferð varðandi undirbúning framkvæmda samkvæmt þessari grein. Menntamálaráðuneytið skal að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja reglur um viðmiðun stofnkostnaðar og búnaðar (norm) er skipting áætlaðs byggingarkostnaðar miðist við.

Skólamannvirki þau, sem lög um framhaldsskóla taka til, skulu vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur eða hefur verið greiddur sé um eldra húsnæði að ræða. Verði húsnæði framhaldsskóla ráðstafað til annarra nota en framhaldsskólanáms skulu eignaraðilar gera með sér samkomulag þar um. Verði eign seld öðrum hvorum eignaraðila skal hún metin af dómkvöddum mönnum.

Í álitserð Sigurðar Líndal, prófessors, sem unnin var fyrir Reykjavíkurborg í ársbyrjun 2000, kom fram, að Reykjavíkurborg sé samkvæmt núgildandi framhaldsskólalögum ekki skylt að taka þátt í stofnkostnaði við stækkun eða endurbætur á húsnæði framhaldsskóla sem stofnaðir voru áður en núgildandi lög gengu í gildi árið 1989. Borgin og ríkið hafa gert samninga um stofnun og byggingu tveggja framhaldsskóla, þ.e. Fjölbrautaskólans í Breiðholti og Borgarholtsskóla, og tók Mosfellsbær þátt í byggingu þess síðarnefnda. Borgin á jafnframt hlut í húsnæði Kvennaskólans við Fríkirkjuveg frá þeim tíma að skólinn var á gagnfræðaskólastigi. Reykjavíkurborg hefur tekið þátt í uppbyggingu Iðnskólans í Reykjavík og á hún 40% hlut í byggingum Fjölbrautaskólans við Ármúla. Borgin hefur hins vegar ekki tekið þátt í stofnkostnaði annarra framhaldsskóla í Reykjavík.

Mikil samkeppni er um fjárveitingar til byggingar framhaldsskóla. Þeir skólar í Reykjavík sem byggðir voru af ríkinu fyrir gildistöku laganna hafa einfaldlega orðið undir í samkeppni um fjármagn úr ríkissjóði við þá framhaldsskóla í landinu þar sem sveitarfélögin borga 40% stofnkostnaðar. Sveitarfélögin hafa jafnvel tekið á sig fjármagnskostnað til að fá skólana afhenta fyrr en ella.

2.7 Hvað má betur fara?

Skort hefur heildarsýn í húsnæðis- og skipulagsmálum framhaldsskólanna á höfuðborgarsvæðinu. Ástæðan er m.a. ómarkviss verkaskipting ríkis og sveitarfélaga sem leiðir til þess að hvorki ríkið né sveitarfélögin hafa húsbóndavald í byggingarmálum skólanna, auk þess sem það sjónarmið kemur reglulega fram, að ekki sé eðlilegt að eitt sveitarfélag greiði 40% byggingarkostnaðar skólamannvirkis sem nemendur úr öðrum sveitarfélögum nýta.

Mörg stór verkefni bíða í húsnæðismálum framhaldsskóla í Reykjavík, sem leysa þarf í samstarfi við ríkisvaldið og nágrannasveitarfélögin. Vegna þess hve þarfir skólanna hafa breyst mikið og hve byggðin hefur vaxið hratt í austurhluta borgarinnar þarf að innleiða nýja hugsun í húsnæðismálum skólanna. Húsnæði sumra þeirra er óhentugt, jafnvel óhagkvæmt í rekstri og nýtist ekki vel til. Stofustærðir takmarka oft hagkvæma nýtingu húsnæðisins, rými sem upphaflega voru byggð fyrir bóknám eru nýtt fyrir verknám, aðeins í sumum skólanna er góð aðstaða fyrir íþróttakennslu og í mörgum skólanna er ekki farið vel með tíma nemenda vegna skorts á betri aðstöðu.

Samkvæmt framansögðu er verkefni næstu ára það að bæta húsnæði skólanna í samræmi við nýjar þarfir. Ennfremur þarf að byggja nýja skóla. Þá þarf að auka áherslu á uppbyggingu framhaldsskóla í austurhluta borgarinnar. Síðast en ekki síst er brýn þörf á að finna leiðir til að fjármagna þá miklu uppbyggingu sem framundan er á næstu árum.

3 NÝ HUGSUN Í FJÁRMÖGNUN OG FASTEIGNASTJÓRNUN FRAMHALDSSKÓLANNA

3.1 Almenn hugleiðing

Skilvirkasta leiðin hvað varðar fjármögnun bygginga og fasteignastjórnun framhaldsskólanna er sú að þessi málaflokkur verði á ábyrgð eins stjórnvalds. Á sama hátt og sveitarfélögin sjá alfarið um byggingar og rekstur leikskóla og grunnskóla er e.t.v. rökrétt að ríkisvaldið sjái alfarið um málefni framhaldsskóla. Sé horft á landið allt er algengt að nemendur sækji framhaldsskóla út fyrir heimasveitarfélagið. Á landsvísu er framhaldsskólinn því ekki staðbundin þjónusta líkt og grunnskólinn.

Að því gefnu að framangreind leið komi ekki til álita, blasir það við að Reykjavíkurborg þarf að ná samkomulagi við ríkisvaldið og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um samstarf og verkaskiptingu við uppbyggingu framhaldsskóla og endurbætur á þeim sem fyrir eru. Í borginni eru eins og áður greindi níu framhaldsskólar. Lausn á húsnæðismálum a.m.k. tveggja framhaldsskóla tengjast lausnum á húsnæðismálum grunnskóla borgarinnar. Einnig er aðgangur nokkurra framhaldsskóla að íþróttaaðstöðu ófullnægjandi. Þá liggur það líka fyrir að borgin telur sér ekki skylt að taka þátt í fjármögnun sumra framhaldsskólanna.

Með framangreint í huga og þann vilja að leiðarljósi að leysa húsnæðismál framhaldsskólanna í borginni á sem hagkvæmasta hátt kemur það vel til álita að borgin og ríkið geri með sér heildarsamkomulag um endurbætur á húsnæði skólanna, nýbyggingar og fasteignastjórnun. Það myndi byggjast á þeirri meginreglu að hvor aðili um sig tæki alfarið að sér að leysa húsnæðismál tiltekinna skóla í stað þess að skipta kostnaði í hlutföllunum 40-60 í hverjum skóla um sig. Með því móti verður verkaskiptingin miklu skýrari en nú er og báðir aðilar njóta góðs af. Einnig gefur slíkt samkomulag færi á að beita í einhverjum mæli nýjum fjármögnunarleiðum, gera fasteignastjórnun skólanna markvissari og leysa jafnframt húsnæðismál tveggja grunnskóla fyrir borgina, þ.e.

Austurbæjarskóla og Vogaskóla. Ennfremur gæti slíkt samkomulag aðstoðað ríkið við að leysa húsnæðismál annarra stofnana. Má þar nefna þá hugmynd að Listasafn Íslands fengi húsnæði Kvennaskólans og að Listaháskólinn fengi húsnæði Iðnskólans á Skólavörðuholti. Um nánari útfærslur á þessari hugmynd er vísað til 5. kafla sem fjallar um leiðir til úrbóta.

Fleiri rök eru fyrir því að ríkið og borgin reyni að ná samkomulagi um fjármögnun á uppbyggingu framhaldsskóla í Reykjavík, með þátttöku hinna sveitarfélaganna á svæðinu. Nefna má sem dæmi að um 1.000 nemendur af landsbyggðinni stunda nám í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og fjöldi nemenda úr nágrannasveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu sækir framhaldsskóla í Reykjavík. Framhaldsskólanemendur úr Reykjavík sækja í takmörkuðum mæli nám í nágrannasveitarfélögunum nema í sérhæft nám í MK og Iðnskólann í Hafnarfirði. Ekki er eðlilegt að borgin beri 40% af stofnkostnaði skóla eins og MR þar sem aðeins 2/3 nemendanna eru úr Reykjavík. Þá má nefna að verknám á framhaldsskólastigi hefur smám saman verið að dragast saman á landsbyggðinni en eflast á höfuðborgarsvæðinu.

Kostnaður við byggingu framhaldsskóla er mjög hár. Framhaldsskóli fyrir 800 nemendur sem er 7.500-8.000 fermetrar að stærð mun líklega kosta nálægt 200 þúsund krónur á fermetra, eða u.þ.b. 1,5 milljarð. Er þá gert ráð fyrir fullfrágenginni lóð og bílastæðum, búnaði, fjármagnskostnaði á byggingartíma og virðisaukaskatti. Gott íþróttahús kostar a.m.k. 300-400 milljónir króna til viðbótar. Af þessum sökum, og vegna sjónarmiða um að það skili góðum árangri í skólastarfi að stækka suma skólana, virðist vera hagkvæmara að vinna sem mest að stækkun nokkurra núverandi skóla fremur en að byggja upp nýja nema í borgarhverfum þar sem hreinlega vantar skóla.

3.2 *Einkaframkvæmd*

Þegar um er að ræða nýbyggingar á nýrri lóð er það áhugaverður kostur að beita aðferðum einkaframkvæmdar. Einnig þegar heil skólabygging er tekin og endurbætt miðað við nýjar þarfir og þegar heil skólalóð er tekin og endurskipulögð og byggð upp á nýtt. Einkaframkvæmd hentar oft vel þegar um viðamikil verkefni er að ræða sem krefjast hagkvæmra lausna. Almenn gildir að eftir því sem verkefnið er stærra er hagkvæmni einkaframkvæmdar meiri.

Töluvert má læra af þeirri reynslu sem komin er á einkaframkvæmd hér á landi og í nágrannalöndunum og hefur þýðingu fyrir þessa athugun. Hér á eftir verða nefnd nokkur atriði:

- Einkaframkvæmd nýtur sín almennt best þegar um stór sjálfstæð verkefni er að ræða og langan samningstíma eins og byggingu og rekstur framhaldsskóla í 25 ár.
- Einkaframkvæmd gefur færi á að leysa húsnæðisvanda viðkomandi framhaldsskóla mun hraðar en ef hefðbundnar leiðir eru farnar. Það felst mikill ávinningur í því fyrir alla þá sem hlut eiga að máli að hægt sé að fá góða lausn nokkrum árum fyrr en ella.
- Í einkaframkvæmd felst sú nýja hugsun að þeir sem nota mannvirkin næstu áratugi greiði fyrir notin jafnóðum, í stað þess að skattgreiðendur nútímans greiði stofnkostnað mannvirkja sem notuð verða næstu áratugi.
- Fasteignastjórnun mannvirkja framhaldsskólanna vill oft verða útundan í daglegu amstri stjórnenda skólanna, auk þess sem þeir hafa ekki fjármagn eða sveigjanleika til að bregðast jafnóðum við þörfunum. Með einkaframkvæmd verður fasteignastjórnun mannvirkja mun markvissari en með núverandi fyrirkomulagi. Kostnaður við fasteignarekstur er almennt lægri hjá einkaaðilum í einkaframkvæmd en opinberum aðilum og er það reynslan úr þeim útboðum sem

fram hafa farið. Það helgast m.a. af sérhæfingu einkaaðilans í fasteignarekstri, betri nýtingu starfsfólks og sveigjanlegra rekstrarfyrirkomulagi.

- Það er útbreiddur misskilningur að fjármagnskostnaður vegna skólabygginga verði hærri þegar um einkaframkvæmd er að ræða en þegar hið opinbera byggir mannvirkið. Vextir eru um 0,5% hærri í einkaframkvæmd en ef opinber aðili tekur lánið beint. Einkaaðili þarf hins vegar aðeins að fjármagna um 80% af byggingarkostnaði því hann fær virðisaukaskatt af byggingarkostnaði endurgreiddan gegn því að leggja hann á leiguna næstu 10 árin þar á eftir. Þess vegna verður fjármagnskostnaður einkaaðilans yfirleitt lægri en opinbera aðilans.
- Það hefur margoft sýnt sig að byggingarkostnaður opinberra nýbygginga, eða endurbygging eldri opinberra bygginga fer oft langt fram úr áætlun, framkvæmdirnar taka langan tíma og að byggingarnar leysa ekki alltaf á hagkvæman hátt húsnæðismál viðkomandi stofnana. Má í þessu sambandi nefna endurbyggingu Þjóðmenningarhúss, Þjóðleikhúss og Þjóðminjasafns, nýbyggingu Náttúrufræðihúss í Vatnsmýri og stækkun Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, svo fá dæmi séu nefnd. Ef vel tekst til leysir einkaframkvæmd verkefnið á hagkvæman hátt og fyrir fast verð. Þar lendir allur hugsanlegur umframkostnaður á verktakanum. Verkkaupinn ber því enga áhættu af umframkostnaði eins og hann gerir þegar um hefðbundnar opinberar framkvæmdir er að ræða.
- Fyrir Reykjavíkurborg og reyndar hin sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hefur það mikla kosti að byggja nýja framhaldsskóla í einkaframkvæmd. Þörfin á endurbyggingu og nýbyggingum er mest næstu árin. Eftir um 10 ár er ekki fyrirsjáanleg fjölgun framhaldsskólanema á höfuðborgarsvæðinu. Til að leysa brýn húsnæðismál skólanna er þörfin fyrir fjárfestingu mest næstu 10 árin. Einkaframkvæmd á nýju skólunum gerir það kleift að vinna jafnframt að lagfæringum, endurbyggingu og viðbyggingum við starfandi framhaldsskóla.

Í úttekt sem endurskoðunar- og ráðgjafarfyrtækið Arthur Anderson gerði í Bretlandi haustið 1999 á 250 verkefnum í einkaframkvæmd var niðurstaðan sú að sparnaður af einkaframkvæmd miðað við hefðbundnar aðferðir hins opinbera væri að meðaltali 17%. Þar af skýrðust 60% sparnaðarins af því að áhættan væri flutt frá hinu opinbera til einkaaðila. Mest er áhættan í byggingarkostnaði en mjög algengt er að opinberar byggingar fari verulega fram úr kostnaðaráætlun. Rannsóknin sýndi að hagkvæmni einkaframkvæmdar fyrir opinbera aðila lægi helst í eftirfarandi þáttum:

- Áhætta varðandi stofnkostnað og rekstrarkostnað fasteignar er flutt frá hinu opinbera til einkaaðilans.
- Áhrif langs samningstíma eru þau að einkaaðilinn byggir vandað og endingargott mannvirki og horfir til þess að lágmarka kostnað yfir allan líftíma mannvirkisins. Hann gerir það m.a. með hagkvæmri hönnun, vali á byggingaraðferðum og byggingarefnum, svo og tæknikerfum.
- Kröfur um stærð og gerð mannvirkis, svo og fasteignarekstur, eru skilgreindar fyrirfram, sem leiðir yfirleitt til vandaðri undirbúnings og agaðri vinnubragða en almennt tíðkast við opinberar framkvæmdir með hefðbundnum hætti.
- Samkeppni meðal bjóðenda tryggir hagstætt verð, einkum ef um er að ræða alverktöku þar sem hugmyndaauðgi bjóðenda til að koma með hagstæðar lausnir eru ekki settar of miklar skorður.
- Stjórnunarreynsla einkaaðila er nýtt í þágu hins opinbera.

Vandamál og ókostir geta einnig fylgt einkaframkvæmd. Þannig getur sveigjanleiki verið minni til að mæta breyttum kröfum um tilhögun þjónustu en í hefðbundnum opinberum rekstri. Seljandi hefur tekið að sér að veita tiltekna vel skilgreinda þjónustu en stendur svo frammi fyrir því að þeir sem þjónustunnar njóta vilja hafa hana með öðrum hætti. Ókostum og vandamálum þessum er mætt með ákvæðum sem heimila endurskoðun og

breytingar á samningi aðila. Slíkar heimildir verða þó að vera inna þeirra marka að skapa ekki of mikla óvissu hjá samningsaðilum.

Reynslan sýnir að það er alltof algengt að viðhald opinberra bygginga sé vanrækt. Einkaaðilar viðhalda byggingum sínum almennt betur. Þegar um er að ræða einkaframkvæmd er það krafa leigutakans, þ.e. opinbera aðilans, að vel sé hugsað um viðhald mannvirkisins.

Einkaaðilar eru oft ákveðnari en opinberir aðilar í samningum við undirverktaka og birgja, en það er þó ekki einhlýtt. Opinberir aðilar eru bundnir af lögum sem takmarka oft möguleika þeirra til að ná hagstæðum kjörum.

Einkaaðili sem þekkingu hefur á fasteignarekstri skoðar hönnun nýbyggingar í byrjun út frá rekstrarkostnaði og tekur á hönnunarstigi mið af rekstrarkostnaði. Á það t.d. við um val gólf- og yfirborðsefna, stýrikerfi ljósa og orkunotkunar, einangrun o.fl. Hjá opinberum aðilum er tilhneigingin sú að þeir sem taka ákvarðanir um hönnun, tæknilegar útfærslur og val á byggingarefnum taka á hönnunarstigi ekki nægilega mikið tillit til rekstrarkostnaðar bygginga. Það er mikilvægt að leyfa einkaaðilum að koma fram með hugmyndir um hagkvæmar byggingar og hefta ekki um of sköpunargleði og hugmyndaauðgi þeirra með takmarkandi ákvæðum í útboðsgögnum.

3.3 Dæmi um útfærslur á einkaframkvæmd

Til eru mismunandi útfærslur á einkaframkvæmd. Þrjár þeirra helstu gætu komið til greina við lausn á húsnæðismálum framhaldsskóla í Reykjavík og verða þær útskýrðar stuttlega hér að neðan.

Einkaframkvæmd (BOT)

Með þessari útfærslu afhendir einkaaðilinn mannvirkið að loknum leigutíma, t.d. 25-30 ár, til verkkaupans (ríkið og eitt eða fleiri sveitarfélög) sem verður þá eigandi þess. Það vekur upp spurningar um ávinning af þessari útfærslu ef hlutverki verktakans lýkur eftir að byggingin er afhent. Þá er alltaf sú hættu til staðar að skammtímasjónarmið ráði vali á byggingaraðferðum, yfirborðsefnum, tæknibúnaði o.fl. Viðhaldspörf mannvirkja eykst með aldrinum og er mögulegt að einkaaðilinn hafi viðhald í lágmarki þannig að mannvirkið sé vel starfshæft, en fjárfesti ekki í meiriháttar endurbótum. Einkaaðilinn hefur á sér tímamörk til að greiða fyrir fjárfestinguna og hann mun miða sína útreikninga við að fjárfestingin greiðist upp á a.m.k. 10-15% skemmri tíma en samningstími leigusamningsins er. Þessi útfærsla er algeng í samgöngumannvirkjum sem byggð eru í einkaframkvæmd en ekki í skólabyggingum. Það getur skapað meiri vanda en það leysir fyrir opinberan aðila að taka við 25-30 ára gamalli skólabyggingu.

Þessi leið gæti t.d. hentað ágætlega vegna endurskipulagningar, nýbygginga og sameiginlegs fasteignarekstrar á lóð Vogaskóla og MS. Verkefni einkaaðilans væri þá að leysa verkefnið í heild og búa til góða aðstöðu fyrir báða skólana, innheimta leigu í t.d. 10-15 ár til að greiða fyrir fjárfestinguna og að annast alla fasteignastjórnun í allt að 20-25 ár með samningi sem væri árangurstengdur.

Einkaframkvæmd (BOO)

Með þessari útfærslu verður verkkaupinn (opinberi aðilinn) aldrei eigandi mannvirkisins en á að loknum samningstímanum forleigurétt. Hagur einkaaðilans með þessari útfærslu er sá að hann hugsar vel um mannvirkið og rekstur þess því þetta er framtíðareign hans. Hann getur lagt nokkurt eiginfjárframlag í verkefnið og tekið áhættuna á því að bjóða hagstætt verð, því hann hefur engin tímamörk á sér til að endurgreiða fjárfestinguna. Þessi útfærsla hentar vel fyrir ný mannvirki sem eru á sérstakri lóð. Þessi útfærsla hefur verið notuð í öllum útboðum á skólamannvirkjum í einkaframkvæmd hér á landi. Má þar

nefna Áslandsskóla, Lækjarskóla og Iðnskólann í Hafnarfirði. Einnig var hún notuð varðandi Egilshöll og hjúkrunarheimilið við Sóltún. Hún gæti hentað ágætlega fyrir nýja framhaldsskóla sem kunna að verða byggðir í Reykjavík.

Einkaframkvæmd með kaupréttarákvæði

Þessi útfærsla byggir á því að eftir tiltekinn árafjölda, t.d. 10 ár á verkkaupinn (opinberi aðilinn) kauprétt á mannvirkinu að fjárhæð sem er fyrirfram ákveðin. Það getur verið samkvæmt afskriftarreglu, t.d. 3% á ári, eða fjárhæð sem nemur eftirstöðvum fjárfestingarhlansins miðað við tiltekinn lánstíma (t.d. 25 ár) og tilteknar vaxtaforsendur (annuity og X% verðtryggðir vextir eða Libor með tilteknu álagi). Ef verkkaupinn nýtir ekki forkaupsrétt sinn er eðlilegt að einkaaðilinn (eða fjármögnunaraðilinn) eigi rétt á að selja mannvirkið. Ef ekki fæst fyrir mannvirkið fjárhæð sem nemur eftirstöðvum fjárfestingarhlansins myndi opinberi aðilinn bera ábyrgð á að greiða mismuninn. Með þessari aðferð má hugsanlega fá hagstæða fjármögnun erlendis frá sem kæmi þá fram líka í hagstæðu leiguverði. Ókosturinn við þessa aðferð er hins vegar sá að líklega munu skattyfirvöld ekki heimila frjálssa skráningu á fasteigninni, sem hækkar fjármagnskostnað því þá fæst virðisaukaskattur af stofnkostnaði ekki endurgreiddur.

3.4 Ný viðhorf í fasteignastjórnun

Fasteignastjórnun er tiltölulega nýtt fag sem hefur vaxið ört undanfarin ár í nágrenna- löndunum. Það byggir á nýrri hugsun um verkaskiptingu og sérhæfingu milli þeirra sem bera ábyrgð á starfsemi sem fram fer í byggingunum, svo sem skólastarfi, og þeirra sem sérhæfa sig í að skapa aðstöðu í fasteignum, viðhalda henni, endurbæta, annast daglegan rekstur og að skipuleggja sem besta nýtingu aðstöðunnar. Með stofnun Fasteignastofu Reykjavíkur hefur Reykjavíkurborg stigið fyrsta skrefið í að innleiða þessa verkaskiptingu hjá sér. Fasteignastofan mun reka öll mannvirki í eigu borgarinnar og borgarstofn- anir munu síðan leigja húsnæðið af Fasteignastofunni á markaðsverði.

Þær hugmyndir sem viðraðar voru fyrir í þessum kafla um að borgin taki að sér afmörkuð heildstæð verkefni í húsnæðismálum framhaldsskólanna falla vel að þessari nýju skipan fasteignastjórnunar hjá borginni. Þá gæti Fasteignastofa Reykjavíkur horft heildstætt á viðfangsefnið og leyst það á þann hátt sem er hagkvæmastur fyrir borgina.

4 HELSTU ÁHRIFABÆTTIR OG MÖGULEIKAR Í BYGGINGARMÁLUM FRAMHALDSSKÓLANNA

4.1 Inngangur

Skólabyggingar skapa aðstöðu fyrir skólastarf. Markmið með skólastarfi og skipulag skólastarfs hafa því, auk nemendafjölda og búsetu nemenda, mest áhrif á húsnæðisþarfir framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Í þessum kafla verður fyrst fjallað um helstu þætti sem áhrif hafa á húsnæðisþarfir framhaldsskólanna og þar á eftir um þær leiðir sem álitlegastar eru í þessum efnum fyrir Reykjavíkurborg.

4.2 Stytting námstíma til stúdentsprófs

Í kjölfar vinnu nefndar um mótun menntastefnu, sem starfaði á vegum menntamála-ráðuneytisins og skilaði af sér skýrslu 1994, var hafin endurskoðun á starfi grunn- og framhaldsskóla. Sú vinna leiddi m.a. til þess að þátttaka aðila vinnumarkaðarins að stefnumótun og ákvarðanatöku var aukin með stofnun starfsgreinaráða, rekstur grunnskóla var að fullu færður til sveitarfélaga árið 1996, ný lög um grunn- og framhaldsskóla tóku gildi 1996 og nýjar aðalnámskrár voru gefnar út 1999.

Á bls. 18 í skýrslu nefndarinnar kom eftirfarandi m.a. fram:

"Menntun þegnanna er undirstaða velfarnaðar og Íslendingar hafa ekki efni á að standa öðrum þjóðum að baki í því efni. Líta þarf á menntakerfi okkar sem hluta af alþjóðlegri heild og gildir það jafnt um innihald og uppbyggingu náms sem og árangur skólastarfsins. Ef nemendur annarra þjóða hafa fengið nægan undirbúning til framhaldsnáms við átján eða nítján ára aldur er full ástæða fyrir okkur til að endurskoða þá stefnu að halda nemendum í framhaldsskóla fram að tvítugu.... Einnig ber að líta til þess að sérhæft nám færist nú í

auknum mæli yfir á háskólastig hér á landi sem annars staðar. Með því að stytta framhaldsskólanám má flýta því að nemendur geti tekist á við markvissan starfsundirbúning á háskólastigi."

Til samræmis við þetta tók þáverandi menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, þá ákvörðun að stytting námstíma til stúdentsprófs væri viðfangsefni sem kanna þyrfti nánar, og að eðlilegt væri að sú vinna kæmi í kjölfar endurskoðunar námskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla. Í lok ársins 2001 ákvað menntamálaráðherra síðan að gera ætti úttekt á því hvaða leiðir væru færar til að stytta námstíma til stúdentsprófs og hver áhrif þeirrar breytingar væru.

Í greinargerð þessari er öll umfjöllun og framsetning hugmynda miðuð við núverandi lengd framhaldsnáms. Ef nám í framhaldsskólum verður stytt breytast allar forsendur um húsnaðisþörf skólanna.

4.3 Sérhæfing og verkaskipting milli skóla

Þýðingarmikið er að menntamálaráðuneytið hafi forystu um að taka til skoðunar samstarf og verkaskiptingu milli skólanna á svæðinu. Sumir skólanna eru hreinir bóknámsskólar, 2 eru iðnskólar og í nokkrum þeirra er blanda af bóknámi og starfsnámi eða verknámi. Fyrir um 2-3 áratugum síðan var tekið að blanda saman bóknámi og verknámi í svokölluðum blönduðum skólum. Þeir voru reistir víða um land og hafa gefið ágæta raun. Hins vegar hefur þróun verknáms verið sú á síðustu árum að það hefur færst af vinnustöðunum inn í skólana auk þess sem það krefst orðið sérhæfðs tæknibúnaðar, tölvubúnaðar og góðrar aðstöðu. Verknámið hefur smám saman dregist saman á landsbyggðinni og eflst á höfuðborgarsvæðinu.

Reynslan sýnir að sérhæft verknám og tækninám verður oft útundan í fjölbrautaskólum, enda eru mun færri nemendur í því námi en bóknámi. Um þetta eru þó skiptar skoðanir.

Reyndir skólameistarar sem rætt var við bentu á að það gæti verið heppilegt fyrirkomulag að grunnnám í verknáms- og tæknigreinum færi fram í skólum þar sem bóknám væri ríkjandi, en að sérhæft verk- og tækninám ætti betur heima í sérstökum iðn- og tækniskólum. Nú eru tveir slíkir skólar á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. Iðnskólinn í Reykjavík og Iðnskólinn í Hafnarfirði. Borgarholtsskóli og Fjölbrautaskólinn í Breiðholti bjóða einnig upp á iðn- og tækninám. Fjölbrautaskólinn við Ármúla býður upp á starfsnám í heilbrigðisgreinum og Menntaskólinn í Kópavogi upp á starfsnám á matvælasviði.

Á sínum tíma var Iðnskólinn í Reykjavík byggður fyrst og fremst með bóknám fyrir iðnnema í huga. Þróunin í iðnnámi síðustu árin kallar á sérhæft verknámshúsnæði eins og er m.a. að finna í Borgarholtsskóla og í Iðnskólanum í Hafnarfirði.

Við mörkun stefnu Reykjavíkurborgar í byggingarmálum og fjármögnun framhaldsskóla þarf að huga vel að verkaskiptingu á milli bóknáms annars vegar og verknáms hins vegar. Bent er á þá leið að efla frekar sérhæft iðn- og tækninám í þeim skólum sem fyrir eru á því sviði en að nýju skólarnir sem reistir verða bjóði ekki upp á verknám nema í grunnnámi. Með því móti ættu bóknámsskólar, sem jafnframt bjóða upp á grunnnám fyrir verknámsnemendur, að geta þjónað hlutverki sínu sem hverfisskólar, á meðan að sérhæfðir iðn- og tækniskólar myndu þjóna öllu höfuðborgarsvæðinu. Í ljósi þess sem að framan segir vaknar sú spurning hvort það geti verið hagkvæmara og árangursríkara að nýta húsnæði Iðnskólans í Reykjavík fyrir framhaldsskóla sem býður upp á bóknám en byggja í staðinn sérhæft nútímalegt hús fyrir þarfir Iðnskólans.

4.4 Bekkja- eða áfangakerfi?

Tekið var til lauslegrar skoðunar hvort það skipti máli varðandi húsnæðisþörf skólanna að þar væri bekkja- eða áfangakerfi. Að mati skólameistara sem rætt var við er spurningin erfið. Skólameistarinn taldi að bekkjakerfið væri almennt ekki ódýrara ef það væri borið saman við áfangakerfi á sambærilegum grunni. Hann sagði að það væri ekki tilviljun að

bekkjakerfi væri helst við lýði í þeim skólum sem velja inn nemendur og hafa tiltölulega einhæft námsframboð, eins og MR, MS, Kvennaskólinn og VÍ. Þetta eru skólar sem taka inn nemendur með góðan námslegan bakgrunn og undirbúa þá fyrir akademískt háskólanám. 'Meðalnemandinn' er hins vegar ekki svona og að mati skólameistarans er áfangakerfið heppilegra til að koma á móts við þarfir meðalnemandans. Einnig má bæta við þetta að Ingvar Ásmundsson fyrrverandi skólameistari Iðnskólans í Reykjavík taldi að hagkvæmni í rekstri þess skóla hefði aukist gríðarlega með tilkomu áfangakerfisins. Loks má bæta því við að auðvelt er fyrir áfangaskólana að 'bekkjabinda' tiltekna þætti í starfsemi sinni, t.d. í fornámi og verknámi, en með 'áfangaívafi'.

4.5 Hagkvæm stærð skóla

Að mati þeirra skólameistara sem rætt var við, og samkvæmt upplýsingum um rekstur skólanna, virðist heppilegasta stærð framhaldsskóla vera af stærðinni 800-1.000 nemendaígildi. Er þá í senn tekið tillit til sjónarmiða um hagkvæmni og árangur í skólastarfi. Rekstrarkostnaður sambærilegra skóla á hvert nemendaígildi lækkar ört eftir því sem skólinn stækkar þar til hann hefur náð stærðinni 500-600 nemendaígildi. Eftir að um 600 nemendaígildum er náð næst sá árangur með frekari stækkun að hægt er að bjóða upp á fjölbreyttara námsframboð, meira val og meiri sérhæfingu fyrir nemendur, án þess að kostnaður á nemendaígildi hækki, aðallega vegna þess að þá nást almennt heppilegar hópastærðir. Á meðan skóli hefur ekki fleiri en 800-1.000 nemendur 'þekkja allir alla' í starfsmannahópnum og 3-4 skólastjórnendur ná að hafa inngríp í flesta þætti starfseminnar. Ef skólar eru t.d. með 1.500-2.000 nemendur reynir mun meira á verkaskiptingu og skólastjórnendur hætta að hafa yfirsýn. Þessi stærð getur líka orðið yfirþyrmandi fyrir bæði nemendur og starfsfólk.

4.6 Skipulagssjónarmið

Hvað framhaldsskóla varðar koma tvenns konar skipulagssjónarmið aðallega til álita hjá borginni. Annars vegar það að starfræktir séu bóknámsskólar sem dreifðir eru um borgina þannig að nemendur í bóknámi sem flestir eru 16-19 ára geti sótt skóla í sínum borgarhluta. Svipuð sjónarmið gilda um grunnám í verknámi. Hins vegar er sérhæfing verknámsskóla orðin það mikil að ekki er grundvöllur fyrir kennslu í sérhæfðu verknámi nema á einum eða tveimur stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Staðsetning þeirra þarf því að taka mið að því að skólarnir séu aðgengilegir fyrir nemendur alls staðar að af höfuðborgarsvæðinu og jafnvel utan af landi.

Aldurskipting er nokkuð mismunandi eftir borgarhlutum og hverfum, en að meðaltali þarf einn framhaldsskóla í hvert 10-12 þúsund manna hverfi. Þar sem nemendur í bóknámi sækja gjarnan þann framhaldsskóla sem næst liggur, þ.e. ef hann uppfyllir þarfir þeirra, en verknámsnemendur þurfa almennt að sækja skóla um lengri veg má segja að á bak við hvern bóknámsskóla þurfi að standi um 15 þúsund íbúar.

Það skiptir miklu máli að halda niðri umferðarpunga á álagstímum og með aukinni bifreiðaeign framhaldsskólanema verður það æ meira áberandi hve miklu það munar í umferðinni þegar framhaldsskólarnir eru starfandi. Vegna umferðarsjónarmiða er því mikilvægt að vegalengdin milli heimilis nemanda og viðkomandi framhaldsskóla sé sem styst og að fjölda þeirra nemenda sem fara langar vegalengdir í skóla verði reynt að halda í lágmarki. Jafnframt er mikilvægt að almenningssamgöngur séu góðar og taki mið af þörfum framhaldsskóla höfuðborgarsvæðisins.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga hlýtur að hafa áhrif á sérhæfingu framhaldsskólanna vegna kostnaðarhlutdeildar sveitarfélaga. Eðlilegt er í því sambandi að á meðan sveitarfélögin greiða a.m.k. 40% af stofnkostnaði að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu semji um verkaskiptingu sín á milli hvað uppbyggingu framhaldsskóla varðar. Þannig getur verið eðlilegt að sumir skólar á höfuðborgarsvæðinu séu byggðir upp með þátttöku

fleiri en eins sveitarfélags. Hefur það m.a. verið gert í Borgarholtsskóla og Fjölbautaskólanum í Garðabæ.

4.7 Helstu nýbyggingarsvæði

Rætt var við framkvæmdastjóra skipulags- og byggingarsviðs, skipulagsfulltrúa og borgarverkfræðing um hugsanlegar lóðir fyrir nýbyggingar framhaldsskóla í Reykjavík. Þær 6 lóðir sem helst koma til greina eru eftirfarandi og er stuttlega fjallað um kosti og ókosti hverrar lóðar fyrir sig:

1: Lóð á landfyllingu við Ánanaust nálægt mörkum Reykjavíkur og Seltjarnarness

Kostir: Lóðin er nálægt mörkum Seltjarnarness og reykjavíkur og er líklegt að Seltjarnarnesbær sé reiðubúinn að taka þátt í stofnkostnaði með borginni. Skólinn gæti orðið hverfisskóli fyrir Seltjarnarnes og Vesturbæ.

Ókostir: Ekki er áformað að landfyllingin verði tilbúin til byggingar fyrr en eftir nokkur ár. Þó má hugsanlega setja litla landfyllingu fyrir framhaldsskóla sem gæti verið tilbúin fyrr.

2: Lóð vestast á íþróttasvæði Vals, sunnan Læknagarðs

Kostir: Þessi lóð er miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og myndi henta vel til að þjóna framtíðarbyggð í Vatnsmýrinni og mynda tengsl við miðbæinn. Auk þess er þetta góður staður fyrir nemendur sem koma frá suðurhluta höfuðborgarsvæðisins vegna góðra umferðartenginga þaðan.

Ókostir: Framhaldsskóli á þessari lóð leysir ekki brýn viðfangsefni borgarinnar í uppbyggingu framhaldsskóla næstu 10-15 árin. Næstu nágrannahverfum er þjónað af 6 framhaldsskólum, þ.e. MR, MH, VÍ, Ármúlaskóla, Kvennaskólanum og Iðnskólanum í Reykjavík.

3: Lóð syðst í Laugardal milli Engjavegar og Suðurlandsbrautar

Kostir: Þessi lóð gæti hentað vel fyrir nýbyggingu sem kæmi í stað núverandi Menntaskóla við Sund. Hún er vel staðsett fyrir bæði Heima- og Vogahverfi og Sogamýri, auk góðra umferðartenginga úr Árbæjarhverfi. Lóðin er nálægt Laugardalshöll og þar gæti íþróttakennsla skólans farið fram. Þá býður nálægð við Laugardalinn upp á áhugaverða möguleika í skólastarfinu.

Ókostir: Ekki er hægt að finna neina sérstaka ókosti við þessa lóð nema að MS verði endurbyggður á sama stað. Þá yrði ekki þörf fyrir nýjan bóknámsskóla á þessum stað.

4: Lóð á nýbyggingarsvæði í Hamrahlíðarlöndum (eða á Keldnaholti)

Kostir: Mikilvægt er að byggja nýjan framhaldsskóla sem mun þjóna væntanlegri byggð í suðurhlíðum Úlfarsfells og Hamrahlíðarlöndum, nýrri byggð í Grafarholti og vaxandi byggð í Mosfellsbæ. Skólinn gæti einnig nýst nemendum úr Árbæjarhverfi og Grafarvogi. Lóð á Keldnaholti hefur þann kost að hún liggur vel við samgöngum fyrir þessi hverfi.

Ókostir: Ekki er á þessu stigi hægt að benda á sérstaka ókosti, m.a. vegna þess að ekki er búið að ákveða hvar innan þessa svæðis lóðin verður.

5: Lóð norðan Stekkjarbakka og austan Reykjanesbrautar

Kostir: Helstu kostir þessarar lóðar eru þeir að það vantar fleiri framhaldsskóla austan Elliðaáa. Lóðin liggur miðsvæðis fyrir nemendur úr Breiðholti, Árbæjarhverfi og austustu og syðstu hverfum Kópavogs.

Ókostir: Erfitt er um umferðartengingar úr Stekkjarbakka inn á lóðina og þær munu verða kostnaðarsamar. Byggja þarf sérstakt íþróttahús fyrir skólann.

6: Lóð vestan íþróttasvæðis ÍR og austan Reykjanesbrautar

Kostir: Helstu kostir þessarar lóðar eru þeir að það vantar fleiri framhaldsskóla austan Elliðaáa. Lóðin liggur miðsvæðis fyrir nemendur úr Breiðholti og úr austustu og syðstu hverfum Kópavogs. Nálægð við ÍR svæðið gefur mikla möguleika í samnýtingu á íþróttamannvirkjum. Auðvelt er um umferðartengingar inn á lóðina og hún er nánast byggingarhæf. Þessi lóð gefur möguleika á samstarfi við Kópavog um uppbyggingu framhaldsskóla.

Ókostir: Lóðin er staðsett í útjaðri Reykjavíkur og ef ekki kemur til þátttaka Kópavogs í samstarfi um uppbygginguna dregur það úr kostum lóðarinnar.

4.8 Helstu leiðir sem til greina koma


Í tengslum við athugun þessa hefur komið í ljós að taka þarf tillit til margra þátta s.s. eins og ráðstöfunar á núverandi húsnæði framhaldsskóla ef ákveðið verður að ráðast í nýbyggingu á nýjum stað. Sem dæmi má nefna að Reykjavíkurborg hefur áhuga á að fá byggingu Menntaskólans við Sund undir stækkun Vogaskóla og húsnæði fyrrverandi Vörðuskóla sem Iðnskólinn í Reykjavík nýtir nú. Þá þarf að taka tillit til þess að

Iðnskólinn í Reykjavík var byggður upp fyrir bóknám þar sem verknám fór áður að mestu leyti fram hjá fyrirtækjum úti í bæ.

Þær framkvæmdir við framhaldsskóla sem líklega eru brýnastar á næstu árum eru eftirfarandi:

- 1: Húsnæðismál Menntaskólans í Reykjavík eru ekki í nógu góðu horfi og þarf að ráðast í miklar og kostnaðarsamar endurbætur. Nægilegt rými er á lóðinni til að stækka skólann þannig að hann geti tekið 150-200 nemendur í viðbót (sjá mynd 1).

Mynd 1: Lóð Menntaskólans í Reykjavík




- 2: Kvennaskólinn er með starfsemi á tveimur stöðum sem er óheppilegt fyrir skólastarfið. Þá má ná betri árangri í skólastarfi með stækkun skólans úr u.þ.b. 500 nemendum í allt að 800. Bent er einkum á þrjá kosti varðandi húsnæðismál Kvennaskólans. Einn kosturinn er sá að skólinn taki yfir húsnæði Iðnskólans í Reykjavík á Skólavörðuholti. Annar er sá að nýtt skólahús verði byggt vestast á íþróttasvæði Vals og þriðji kosturinn að nýtt skólahúsnæði verði byggt í Suður-

Mjódd. Af tveimur síðastnefndu kostunum er staðsetning í Suður-Mjódd líklega heppilegri og hagkvæmari fyrir Reykjavíkurborg því það vantar framhaldsskóla í austurhluta borgarinnar og að hugsanlega má fá Kópavogsbæ til samstarfs um uppbygginguna. Samnýting á íþróttamannvirkjum er möguleg á íþróttasvæði Vals og í Suður-Mjódd og er það mikill kostur. Sá kostur að flytja Kvennaskólann í húsnæði Iðnskólans kemur einungis til álita ef það er talið hagkvæmt og skynsamlegt að byggja nýbyggingu fyrir Iðnskólann í Reykjavík.

- 3:** Núverandi húsnæði Iðnskólans í Reykjavík þarfnast sérstakrar skoðunar við, m.a. útfra hagsmunum Reykjavíkurborgar. Í fyrsta lagi þarf Reykjavíkurborg húsnæði Vörðuskóla sem Iðnskólinn hefur haft til afnota undanfarin ár. Borgin telur sig eiga tæplega 70% af húsnæði Vörðuskóla. Í öðru lagi er mikil umferðar- og bílastæðisþörf í kringum Iðnskólann. Í þriðja lagi var Iðnskólinn upphaflega byggður fyrir bóknám, þótt síðar væri byggð verknámsálma. Stór hluti af húsnæði skólans hentar því jafnvel betur fyrir bóknámsgreinar en sérhæft iðn- og tækninám. Einhverjir möguleikar eru á að stækka núverandi húsnæði Iðnskólans, t.d. með því að byggja ofan á verknámshúsið, en vegna margvíslegra annarra raka sem færð hafa verið fram í greinargerð þessari gæti verið allt eins hagkvæmt og árangursríkt þegar til lengri tíma er litið að byggja nýtt sérhæft húsnæði fyrir Iðnskólann annars staðar. Í þessu sambandi má nefna þá hugmynd að ríki og borg semji um að Listaháskólinn fái húsnæði Iðnskólans. Húsnæðið gæti hentað vel fyrir þarfir skólans auk þess sem Listaháskólinn sækist eftir að vera nálægt miðborginni (sjá mynd 2 hér að neðan).


Mynd 2: Lóð Iðnskólans í Reykjavík




- 4: Á sínum tíma keypti ríkið hluta af húsnæði Vogaskóla fyrir Menntaskólann við Sund. Nú telur borgin sig þurfa á hluta þess húsnæðis að halda fyrir Vogaskóla. Menntaskólinn við Sund er eini skólinn sem þjónar austustu hlutum borgarinnar vestan Elliðaána, auk þess sem hann þjónar Árbæjarhverfi að nokkru leyti. Jafnframt getur verið heppilegt að stækka skólann um sem nemur allt að 200 nemendum. Mikilvægt er að ný bygging fyrir skólann verði staðsett í þessum borgarhluta. Bent er á að lóðin syðst í Laugardal milli Engjavegar og Suðurlandsbrautar sé góður kostur fyrir nýja skólabyggingu. Lóðin er nálægt íþróttamannvirkjum í Laugardal og því gæti samnýting átt sér stað. Hins vegar er það mun hagkvæmari lausn að endurskipuleggja alla lóð Vogaskóla og MS og byggja nýja álmu fyrir MS á lóðinni. Nefna má sem dæmi að með því að fjarlægja einna hæðar skúrbyggingu meðfram Gnoðavogi sem er 12x72 m mætti byggja þriggja hæða skólabyggingu fyrir MS sem væri 1.500-1.800 fermetrar að stærð, eða 4.500-4.800 fermetrar alls. Á móti gæti Vogaskóli fengið hluta af núverandi húsnæði MS. Lóðin er miðsvæðis í Vogahverfi. MS getur hæglega stækkað um 200-300 nemendur og þyrfti hann þá í heild um 9.000-10.000

fermetra húsnæði. Margvíslegt hagræði er af nálægðinni við Vogaskóla fyrir MS, svo sem sameiginleg íþróttastaða, en einnig mætti sameina fasteignarekstur þeirra og umsjón með lóð (sjá mynd 3).


Mynd 3: Lóð Menntaskólans við Sund



5: Fjölbautaskólinn við Ármúla var upphaflega reistur í samstarfi ríkis og borgar sem gagnfræðaskóli og er eignarhlutur ríkisins nú 60% og borgarinnar 40%. Skólinn er almennur bóknámsskóli og býður auk þess upp á sérhæft starfsnám í heilbrigðisgreinum. Ágætir stækkunarmöguleikar eru á lóð skólans og getur verið góður kostur að nýta þá aðstöðu (sjá mynd 4).

Mynd 4: Lóð Fjölbrautaskólans við Ármúla

- 6: Það vantar íþróttahús við Menntaskólann við Hamrahlíð og getur vel komið til greina að leysa það verkefni í samstarfi við einkaaðila sem gæti leigt skólanum aðstöðu á skólatíma og öðrum aðilum aðstöðu í húsinu utan skólatíma, m.a. borginni fyrir íþróttafélög (mynd 5).


Mynd 5: Lóð Menntaskólans við Hamrahlíð

- 7: Hægt er að byggja eina iðnnámsskemmu til viðbótar við Borgarholtsskóla og enn á eftir að stækka Fjölbrautaskólann í Breiðholti (sjá myndir 6 og 7). Verslunarskóli Íslands er fullbyggður.

Mynd 6: Lóð Borgarholtsskóla



Mynd 7: Lóð Fjölbrautaskólans í Breiðholti



- 8:** Til að þjóna nýjum hverfum sem verða byggð á næstu árum í suðurhlíðum Úlfarsfells og Hamrahlíðarlöndum svo og þau hverfi sem nú eru í byggingu í Grafarholti þarf nýjan framhaldsskóla og er gert ráð fyrir að hann verði staðsettur einhvers staðar í Hamrahlíðarlöndum. Ekki er reiknað með að hann verði byggður fyrr en eftir nokkur ár.

Í viðræðum borgarinnar við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu er mikilvægt að hafa í huga að fá Seltjarnarnesbæ, Mosfellsbæ og Kópavog til að taka eðlilegan þátt í uppbyggingu framhaldsskóla í Reykjavík. Þar gæti komið til álita að Seltjarnarnes tæki þátt í uppbyggingu Menntaskólans í Reykjavík, Kópavogur tæki þátt í byggingu nýs framhaldsskóla í Suður-Mjódd, ef af verður, og Mosfellsbær tæki þátt í byggingu nýs framhaldsskóla í Hamrahlíðarlöndum. Jafnframt er eðlilegt að borgin ræði við Hafnarfjörð, Garðabæ og Bessastaðahrepp um að þessi sveitarfélög taki þátt í að byggja upp framhaldsskóla á sínu svæði sem samsvari nokkurn veginn nemendafjölda þess á framhaldsskólastigi. Ef kostnaður við uppbyggingu framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu skiptist nokkuð jafnt á milli sveitarfélaganna er sjálfsagt að nemendur geti að fúsum og frjálsum vilja sótt skóla annars staðar en í sínu heimasveitarfélagi, m.a. vegna sérhæfingar og verkaskiptingar skólanna.

5 LEIÐIR TIL STEFNUMÖRKUNAR

Lagðar eru fram fimm stefnumarkandi leiðir um mismunandi útfærslur í uppbyggingu og fjármögnun framhaldsskóla í Reykjavík næstu 10 árin. Í þeim er komið inn á samstarf ríkis og borgar og hugsanlega þátttöku annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Einnig er að finna ábendingar um mögulega sölu og nýtingu á skólahúsnæði þeirra framhaldsskóla sem jafnvel mætti selja.

Þær tölur sem nefndar eru í hugmyndunum eru á þessu stigi aðeins grófar áætlanir sem ætlað er að varpa ljósi á stærðargráðu þeirra fjárhæða sem um er að ræða. Byggt er fyrst og fremst á reynslutölum um hentugar stærðir framhaldsskóla og um byggingarkostnað. Í áætluðu mati á verðmæti eldri skólabygginga er miðað við u.þ.b. 100 þús. kr. á fermetra í miðbæ Reykjavíkur og u.þ.b. 80 þús. kr. í Vogahverfi.

Hugmyndirnar eru miðaðar við óbreytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í málefnum framhaldsskólans og að ekki verði um styttingu náms í framhaldsskólunum að ræða, en uppi hafa verið hugmyndir um að stytta lengd náms til stúdentsprófs.

Lýst er þeim útfærslum sem einkenna viðkomandi leið, en eftirfarandi hugmyndir eiga við þær allar og er því ekki getið þar sérstaklega:

Byggt verði u.þ.b. 1.500 fermetra íþróttahús við Menntaskólann í Hamrahlíð sem hafi stórt íþróttagólf og líkamsræktaraðstöðu. Bent er á þá leið að bjóða verkefnið út sem einkaframkvæmd. Skólinn gæti skuldbundið sig til að leigja tiltekinn tímafjöld á skólatíma og borgin fyrir íþróttafélög þess utan. Þá myndi eiganda og rekstraraðila hússins jafnframt vera heimil önnur tekjuöflun.

Ekki eru gerðar sérstakar tillögur um húsnæðismál Verslunarskóla Íslands, Fjölbrautaskólans í Breiðholti og Borgarholtsskóla.

Í hugmyndunum er miðað við að borgin leiti eftir samstarfi við Seltjarnarnesbæ, Kópavog og Mosfellsbæ um þátttöku í kostnaði. Jafnframt er lagt til að samið verði við Hafnarfjörð, Garðabæ og Bessastaðahrepp að í þessum þremur sveitarfélögum til samans haldi uppbygging framhaldsskóla í við fjölgun nemenda á framhaldsskólaaldri í þessum sveitarfélögum.

Í leiðunum er gengið út frá nokkrum megin sjónarmiðum um húsnæðis- og skipulagsmál framhaldsskólanna:

- Hagkvæmara er að stækka skóla sem nú hafa 500-750 nemendur upp í 900-1.000 manna skóla, sé það mögulegt, en að byggja nýja skóla frá grunni. Það þarf almennt færri viðbótarfermetra á nemenda þegar skóli er stækkaður en þann meðalfermetrafjölda sem þarf á nemenda í nýjum skólum, auk þess sem kostnaður við lóð og íþróttamannvirki er lægri á hvert nemendaígildi. Þá getur skóli með 900-1.000 nemendur boðið upp á meira val og betri þjónustu fyrir sama einingarverð og skólar með 500-750 nemendur.
- Dreifingu bóknámsskóla þarf að jafna betur milli borgarluta en nú er og í því sambandi þarf að leggja meiri áherslu á uppbyggingu í austurhluta borgarinnar.
- Ekki er lagt til að haldið verði áfram að byggja upp nýja blandaða bóknáms- og verknámsskóla. Fremur er lögð áhersla á að sérhæfing og verkaskipting á milli bóknáms- og verknámsskóla verði aukin. Þarfir verknámsskóla fyrir húsnæði, staðsetningu, bílastæði og stoðþjónustu (t.d. íþróttastöðu, bókasafn og mötuneyti) eru allt aðrar en bóknámsskóla, auk þess sem nemendur eru á öðrum aldri og námsskipulag þeirra annað.
- Lögð er fram til nánari skoðunar ný hugsun í verkaskiptingu ríkis og borgar í húsnæðismálum framhaldsskólanna. Hún er sú að borgin og ríkið semji um að skipta verkefnum á milli sín þannig að hvor aðili sjái alfarið um tiltekið skólahúsnæði í stað þess að skipta kostnaði 60-40 í hverju mannvirki.

LEIÐ 1

Aðgerðaráætlun:

- 1) Nýr framhaldsskóli verði reistur í Hamrahlíðarlöndum og miðað verði við rými fyrir a.m.k. 900-1.000 nemendur. Gert er ráð fyrir um 8.000-9.000 fermetra skólahúsi ásamt íþróttahúsi. Óskað verði eftir þátttöku Mosfellsbæjar í stofnkostnaði.
- 2) Lóð Menntaskólans við Sund og Vogaskóla verði endurskipulögð. Einna hæðar “skúrbygging” sem er 72x12 m og liggur meðfram Gnoðavogi verði fjarlægð og tengigangur úr henni yfir í meginbyggingu MS stytur eða fjarlægður. Byggja má nýja álmu fyrir MS meðfram Gnoðavogi á þremur hæðum sem væri u.þ.b. 1.500-1.800 fm. að stærð hver hæð. Skólinn getur látið á móti allt að 2.000 fermetra sem borgin gæti leyst til sín fyrir Vogaskóla. Með þessu móti gæti MS fengið til afnota um 9.000 fermetra alls, þar af rúmlega helming í nýju húsnæði. Vegna skorts á bílstæðum þyrfti e.t.v. að hafa bílastæðakjallara undir nýbyggingunni. Hægt verður með þessu móti að fjölga nemendum skólans um 250-300.
- 3) Húsnæði Iðnskólans í Reykjavík verði nýtt fyrir Listaháskólann. Borgin leysi til sín hlut ríkisins í Vörðuskóla og ríkið hlut borgarinnar í Iðnskólanum.
- 4) Sérhæfð nýbygging verði reist fyrir Iðnskólann í Reykjavík í Suður-Mjódd og miðað við að skólinn taki a.m.k. 1.600 nemendur í dagskóla og 400 nemendur í kvöldskóla. Gert verði ráð fyrir 15.000 fermetra skólahúsi. Það kemur einnig til álita að nýbyggingin verði staðsett í Laugardal milli Engjavegs og Suðurlandsbrautar eða vestast á Valssvæðinu sunnan Læknagarðs.
- 5) Kvennaskólinn verði lagður niður og húseignir skólans við Frikirkjuveg og Grundarstíg seldar. Líklegt er talið að Listasafn Íslands hafi áhuga á að kaupa

húseign Kvennaskólans við Fríkirkjuveg. Rýmum sem fækkar við þetta fyrir um 500 nemendur verði bætt við hjá MR og Ármúlaskóla.

- 6) Húsnæði MR verði endurbyggt þannig að skólinn geti tekið við um 200-250 nemendum til viðbótar.
- 7) Húsnæði Ármúlaskóla verði stækkað og við það miðað að skólinn geti tekið 250-300 nemendur til viðbótar.

Fjárhagsleg áhrif:

Áætlað er að nýr framhaldsskóli í Hamrahlíðarlöndum kosti fullbúinn með íþróttahúsi um 2 milljarða króna. Ef hlutur Mosfellsbæjar verður 10% mun hlutur Reykjavíkurborgar verða 30%, eða 600 m.kr. Ef farin verður leið einkaframkvæmdar sýnir reynslan að leigugjald á ári með viðhaldi, tryggingum og opinberum gjöldum er á bilinu 9-10% af stofnkostnaði. Miðað við þessar forsendur má búast við að hlutur borgarinnar í leigugjaldi yrði 55-60 m.kr. á ári.

Áætlað er að 4.800 fermetra nýbygging fyrir MS á lóð skólans kosti 700-800 milljónir króna, en við það sparast kostnaður við frágang á nýrri lóð og nýta má hluta húsgagna og búnaðar úr núverandi skólahúsi. Ef núverandi húsnæði skólans er selt á 80 þús. kr. fermetrann mun það kosta borgina 160 m.kr. að leysa 2.000 fermetra til sín fyrir Vogaskóla. Ekki er í þessum tölum reiknað með bílastæðakjallara.

Nýtt sérhæft 15.000 fermetra hús fyrir Iðnskólann er áætlað kosta a.m.k. 160 þús. kr. á fermetra, eða 2,4 milljarða króna. Hver fermetri í verknámsrými kostar minna en í bóknámsrými en hins vegar kostar búnaður meira. Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir nýjum húsgögnum og ýmsum búnaði en ekki kennslutækjum, sem flytja má úr núverandi skólahúsi. Ekki er óeðlilegt að miða við að núverandi skólahúsnæði verði selt á 800-1.000 milljónir króna og að hlutur borgarinnar í því verði metinn til jafns við hlut ríkisins.

Ef Kópavogsbær tekur þátt í stofnkostnaði sem nemur 10% og borgin 30% þarf borgin að greiða til viðbótar 220-320 m.kr. auk þess sem borgin þarf að leysa til sín hlut sinn í Vörðuskóla. Það gæti kostað 100-200 m.kr.

Söluverð eigna Kvennaskólans við Fríkirkjuveg og Grundarstíg er áætlað um 275 m.kr. Borgin á aðeins hlut í húsnæðinu við Fríkirkjuveg en ekki við Grundarstíg. Kostnaður við stækkun MR gæti orðið um 400 m.kr. og er í þeirri tölu ekki reiknað með endurbótum á núverandi húsnæði skólans. Sömuleiðis gæti stækkun Ármúlaskóla kostað um 400 m.kr.

Erfitt er að reikna fjárhagsleg áhrif af þessari leið fyrir borgina með nokkurri nákvæmni því hún reynir mjög á samningsvilja ríkis og borgar. Kostnaður hvors aðila um sig mun ráðast af niðurstöðu samninga.

Helstu kostir:

Í þessari leið felst allgóð heildarlausn í húsnæðismálum framhaldsskólanna til lengri tíma lítið. Hún tryggir betri dreifingu bóknámsskóla um borgina en nú er og gerir ráð fyrir aðild nágrannasveitarfélaganna. Þá fær Iðnskólinn nýtt sérhæft húsnæði miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu með mun betri umferðartengingum og bílastæðum en nú er. Einnig fær MS góða lausn á sínum húsnæðismálum og nýr framhaldsskóli verður byggður í Hamrahlíðarlöndum. Borgin leysir húsnæðismál Austurbæjarskóla og Vogaskóla og ríkið fær líklega góða aðstöðu fyrir Listaháskólann og á kost á að bæta húsnæðisaðstöðu Listasafns Íslands. Þá munu skólar eins og MR, MS og Ármúlaskóli verða mun öflugri skólastofnanir eftir stækkun.

Helstu ókostir:

Þessi leið er nokkuð flókin og til þess að hún gangi upp þarf mikinn samningsvilja bæði ríkis og borgar, sem og þátttöku nágrannasveitarfélaga eftir atvikum. Erfitt getur verið að ná samstöðu svo margra aðila um svo margþætta lausn. Ef þessi leið verður valin verður áfram nokkurt misvægi í dreifingu bóknámsskóla á milli austari og vestari hluta borgarinnar. Einnig mun hugmyndin um að leggja niður Kvennaskólann mæta andstöðu. Þá er ekki víst að forsvarsmenn Listaháskólans telji hús Iðnskólans hentugt fyrir starfsemi sína.

LEIÐ 2

Aðgerðaráætlun:

- 1) Nýr framhaldsskóli verði reistur í Hamrahlíðarlöndum og miðað verði við a.m.k. 900-1.000 nemendur. Gert er ráð fyrir um 8.000-9.000 fermetra skólahúsi ásamt íþróttahúsi. Óskað verði eftir þátttöku Mosfellsbæjar í stofnkostnaði.
- 2) Nýbygging verði reist fyrir Menntaskólann við Sund í Laugardal og miðað við skóla fyrir a.m.k. 900-1.000 nemendur. Gert verði ráð fyrir 8.000-9.000 fermetra skólahúsi. Borgin kaupir núverandi húsnæði MS fyrir Vogaskóla sem ríkið getur nýtt upp í hluta byggingarkostnaðar. Borgin leigi skólanum íþróttaaðstöðu í Laugardalshöll. Einnig kemur til álita að endurbyggja húsnæði MS á núverandi lóð skólans.
- 3) Sérhæfð nýbygging verði reist fyrir Iðnskólann í Reykjavík í Suður-Mjódd og miðað við að skólinn taki a.m.k. 1.600 nemendur í dagskóla og 400 nemendur í kvöldskóla. Gert verði ráð fyrir 15.000 fermetra skólahúsi. Einnig kemur til greina að nýbyggingin verði staðsett vestast á Valssvæðinu sunnan Læknagarðs.
- 4) Húsnæði Iðnskólans í Reykjavík verði nýtt fyrir Kvennaskólann en borgin leysi til sín hlut ríkisins í Vörðuskóla. Telja verður að húsnæðið ætti að rúma um 1.000 nemendur. Gera þarf einhverjar breytingar á húsnæðinu. Kvennaskólinn selji húseignir sínar við Fríkirkjuveg og Grundarstíg. Líklegt er talið að Listasafn Íslands hafi áhuga á húseignum Kvennaskólans við Fríkirkjuveg.

Fjárhagsleg áhrif:

Áætlað er að nýr framhaldsskóli í Hamrahlíðarlöndum kosti fullbúinn með íþróttahúsi um 2 milljarða króna. Ef hlutur Mosfellsbæjar verður 10% mun hlutur Reykjavíkurborgar

verða 30%, eða 600 m.kr. Ef farin er leið einkaframkvæmdar sýnir reynslan að leigugjald á ári með viðhaldi, tryggingum og opinberum gjöldum er á bilinu 9-10% af stofnkostnaði. Miðað við þessar forsendur má búast við að hlutur borgarinnar í leigugjaldi yrði 55-60 m.kr. á ári.

Áætlað er að nýbygging fyrir MS í Laugardal kosti 1,6 milljarð króna fullbúin með búnaði og frágenginni lóð, en án íþróttahúss. Ef núverandi húsnæði skólans er selt á 80 þús. kr. fermetrann mun það kosta borgina 500-550 m.kr. að leysa húsið til sín. Sé miðað við að ríkið borgi það sem á vantar verður kostnaður ríkisins a.m.k. 1 milljarður króna.

Nýtt sérhæft 15.000 fermetra hús fyrir Iðnskólann er áætlað kosta um 160 þús. kr. á fermetra, eða 2,4 milljarða króna. Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir nýjum húsgögnum og ýmsum búnaði en ekki kennslutækjum, sem flytja má úr núverandi skólahúsi. Ekki er óeðlilegt að miða við að núverandi skólahúsnæði verði selt á 800-1.000 milljónir króna og að hlutur borgarinnar í því verði metinn til jafns við hlut ríkisins. Ef Kópavogsbær tekur þátt í stofnkostnaði sem nemur 10% og borgin 30% þarf borgin að greiða til viðbótar 220-320 m.kr. auk þess sem borgin þarf að leysa til sín hlut sinn í Vörðuskóla. Það gæti kostað 100-200 m.kr.

Miðað er við að Kvennaskólinn greiði 800-1.000 milljónir fyrir Iðnskólann og 200-300 milljónir króna í endurbætur. Á móti er áætlað söluverð eigna við Fríkirkjuveg og Grundarstíg um 275 m.kr. Ef borgin greiðir 40% stofnkostnaðar verður hlutur borgarinnar 450-500 m.kr., en upp í þann kostnað getur borgin lagt eignarhlut sinn í húsnæðinu við Fríkirkjuveg.

Ekki er á þessu stigi gert ráð fyrir að borgin taki þátt í kostnaði við endurbætur á MR.

Þessi leið mun í heild kosta borgina allt að 2 milljarða króna en þá eru inni í þeirri fjárhæð uppkaup á skólahúsnæði MS fyrir Vogaskóla og á hlut ríkisins í Vörðuskóla.

Helstu kostir:

Í þessari leið felst allgóð heildarlausn í húsnæðismálum framhaldsskólanna til lengri tíma lítið. Hún tryggir dreifingu bóknámsskóla um borgina og aðild nágrannasveitarfélaganna. Þá fær Iðnskólinn nýtt sérhæft húsnæði miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu með mun betri umferðartengingum og bílastæðum en nú er. Einnig fær MS góða lausn á sínum húsnæðismálum og Kvennaskólinn og nýr framhaldsskóli í Hamrahlíðarlöndum góð húsnæði fyrir sína starfsemi.

Helstu ókostir:

Þessi leið er flókin og til þess að hún gangi upp þarf þátttöku ríkisins og nágrannasveitarfélaga, en erfitt getur verið að ná samstöðu svo margra aðila um svo margþætta leið. Ef þessi leið verður valin verður áfram nokkurt misvægi í dreifingu bóknámsskóla á milli austari og vestari hluta borgarinnar. Borgin lendir í óþarflega miklum kostnaði við að kaupa upp húsnæði Vogaskóla sem mun ekki nýtast skólanum nema að hluta til.

LEIÐ 3***Aðgerðaráætlun:***

- 1) Nýbygging verði reist fyrir MS í Laugardal og miðað við skóla fyrir a.m.k. 900-1.000 nemendur. Gert verði ráð fyrir 8.000-9.000 fermetra skólahúsi. Borgin kaupir núverandi húsnæði MS fyrir Vogaskóla. Borgin leigi skólanum íþróttaaðstöðu í Laugardalshöll.
- 2) Nýbygging verði reist fyrir Kvennaskólann í Suður-Mjódd og miðað við að skólinn taki a.m.k. 900-1.000 nemendur. Gert verði ráð fyrir 8.000-9.000 fermetra skólahúsi. Núverandi eignir skólans við Fríkirkjuveg og Grundarstíg verði seldar. Borgin leggur til eignarhlut sinn í mannvirkjum skólans við Fríkirkjuveg. Einnig taki borgin þátt í uppbyggingu íþróttaaðstöðu á félagssvæði ÍR sem leigð verði skólanum fyrir íþróttakennslu. Óskað verði eftir þátttöku Kópavogs í stofnkostnaði.
- 3) Nýr framhaldsskóli verði reistur í Hamrahlíðarlöndum og miðað verði við a.m.k. 900-1.000 nemendur. Gert er ráð fyrir um 8.000-9.000 fermetra skólahúsi ásamt íþróttahúsi og er áætlaður kostnaður 2 milljarðar króna. Óskað verði eftir þátttöku Mosfellsbæjar í stofnkostnaði.
- 4) Húsnæði Iðnskólans í Reykjavík verði stækkað með einni hæð ofan á verknámsálmum, jafnframt því sem skólinn losi húsnæði Vörðuskóla. Borgin leysi til sín hlut ríkisins í Vörðuskóla. Hugsanlega getur þetta þýtt að flytja verður einhvern hluta verknáms annað, t.d. málmiðnað, sem gæti farið bæði í Borgarholtsskóla og Iðnskólann í Hafnarfirði.

Fjárhagsleg áhrif:

Reiknað er með að nýbygging fyrir MS í Laugardal kosti 1,6 milljarð króna fullbúin með búnaði og frágenginni lóð, en án íþróttahúss. Ef núverandi húsnæði skólans er selt á 80 þús. kr. fermetrann mun það kosta borgina 500-550 m.kr. að leysa húsið til sín. Ef miðað er við að ríkið greiði það sem á vantar verður kostnaður ríkisins a.m.k. 1 milljarður króna.

Áætlað er að nýbygging Kvennaskólans í Suður-Mjódd kosti 1,6 milljarð fullbúin með búnaði og frágenginni lóð. Borgin byggi íþróttahús á félagssvæði ÍR og er áætlað að það kosti um 400-500 m.kr. Ef Kópavogur tekur þátt í stofnkostnaði sem nemur 10% og borgin 30% þarf borgin að greiða 480 m.kr. Áætlað söluverð eigna Kvennaskólans við Frikirkjuveg og Grundarstíg er um 275 m.kr.

Nýr framhaldsskóli í Hamrahlíðarlöndum kostar fullbúinn með íþróttahúsi um 2 milljarða króna. Ef hlutur Mosfellsbæjar verður 10% mun hlutur Reykjavíkurborgar verða 30%, eða 600 m.kr. Ef farin verður leið einkaframkvæmdar sýnir reynslan að leigugjald á ári með viðhaldi, tryggingum og opinberum gjöldum er á bilinu 9-10% af stofnkostnaði. Miðað við þessar forsendur má búast við að hlutur borgarinnar í leigugjaldi yrði 55-60 m.kr. á ári.

Ekki liggja fyrir nægilegar upplýsingar um stækkunarmöguleika á húsnæði Iðnskólans til að hægt sé að leggja á það fjárhagslegt mat. Ef skólinn missir húsnæði Vörðuskóla þarf væntanlega að bæta við nýju rými sem getur kostað um 200-400 m.kr.

Hugmyndin mun í heild kosta borgina fjárhæð sem er af stærðargráðunni 2 milljarðar króna en þá eru inni í þeirri fjárhæð uppkaup á skólahúsnæði MS fyrir Vogaskóla og á hlut ríkisins í Vörðuskóla.

Helstu kostir:

Leiðin býður upp á nokkuð góða heildarlausn í húsnæðismálum framhaldsskóla til lengri tíma litið, nema Iðnskólans. Dreifing bóknámsskóla um hverfi og borgarhluta er góð. Mikilvægt er fá nágrannasveitarfélögin til að taka þátt í uppbyggingu framhaldsskóla í Reykjavík. MS og Kvennaskólinn fá góða lausn á sínum húsnæðismálum. Skólarnir verða staðsettir nokkuð miðsvæðis þar sem eru góðar umferðartengingar. Samnýting íþróttamannvirkja er möguleg. Nýr framhaldsskóli í Hamrahlíðarlöndum fær gott húsnæði og staðsetning skólans er góð.

Helstu ókostir:

Leiðin gerir ráð fyrir þátttöku ríkisins og nágrannasveitarfélaganna og getur því orðið flókin og erfið úrlausnar. Stækkunarmöguleikar Iðnskólans eru takmarkaðir og það vantar bílastæði og betri umferðartengingar. Iðnskólinn fær ekki nýtt sérhæft húsnæði. Líklegt er að forsvarsmenn Kvennaskólans verði óánægðir með hugmynd að nýrri staðsetningu skólans. Uppkaup borgarinnar á húsnæði MS fyrir Vogaskóla eru kostnaðarsöm því húsnæði MS mun aðeins nýtast skólanum að hluta til.

LEIÐ 4***Aðgerðaráætlun:***

- 1) Nýbygging verði reist fyrir MS í Laugardal og miðað við skóla fyrir a.m.k. 900-1.000 nemendur. Gert verði ráð fyrir 8.000-9.000 fermetra skólahúsi. Borgin kaupir núverandi húsnæði MS fyrir Vogaskóla. Borgin leigi skólanum ípróttaaðstöðu í Laugardalshöll.
- 2) Nýbygging verði reist fyrir Kvennaskólann vestan við Valssvæðið sunnan Læknagarðs og miðað við að skólinn taki a.m.k. 900-1.000 nemendur. Gert verði ráð fyrir 8.000-9.000 fermetra skólahúsi. Núverandi eignir skólans við Fríkirkjuveg og Grundarstíg verði seldar. Borgin leggi til eignarhlut sinn í mannvirkjum skólans við Fríkirkjuveg. Kvennaskólinn leigi ípróttaaðstöðu af Val.
- 3) Nýr framhaldsskóli verði reistur í Hamrahlíðarlöndum og miðað verði við a.m.k. 900-1.000 nemendur. Gert er ráð fyrir um 8.000-9.000 fermetra skólahúsi ásamt ípróttahúsi. Óskað verði eftir þátttöku Mosfellsbæjar í stofnkostnaði.
- 4) Húsnæði Iðnskólans í Reykjavík verði stækkað með einni hæð ofan á verknámsálmum, jafnframt því sem skólinn losi húsnæði Vörðuskóla. Borgin leysi til sín hlut ríkisins í Vörðuskóla.

Fjárhagsleg áhrif:

Áætlað er að nýbygging fyrir MS í Laugardal kosti 1,6 milljarð króna fullbúin með búnaði og frágenginni lóð, en án ípróttahúss. Ef núverandi húsnæði skólans er selt á 80 þús. kr. fermetrann mun það kosta borgina 500-550 m.kr. að leysa húsið til sín. Ef miðað er við að ríkið borgi það sem á vantar verður kostnaður ríkisins a.m.k. 1 milljarður króna.

Áætlað er að nýbygging Kvennaskólans vestan við Valssvæðið sunnan Læknagarðs kosti 1,6 milljarð króna fullbúin með búnaði og frágenginni lóð, en án íþróttahúss. Stofnkostnaður borgarinnar verður 40% og þarf hún að greiða 640 m.kr. Áætlað söluverð eigna Kvennaskólans við Fríkirkjuveg og Grundarstíg er um 275 m.kr.

Nýr framhaldsskóli í Hamrahlíðarlöndum kostar fullbúinn með íþróttahúsi um 2 milljarða króna. Ef hlutur Mosfellsbæjar verður 10% mun hlutur Reykjavíkurborgar verða 30%, eða 600 m.kr. Ef farin er leið einkaframkvæmdar sýnir reynslan að leigugjald á ári með viðhaldi, tryggingum og opinberum gjöldum er á bilinu 9-10% af stofnkostnaði. Miðað við þessar forsendur má búast við að hlutur borgarinnar í leigugjaldi yrði 55-60 m.kr. á ári.

Ekki liggja fyrir nægilegar upplýsingar um stækkunarmöguleika á húsnæði Iðnskólans til að hægt sé að leggja á það fjárhagslegt mat. Ef skólinn missir húsnæði Vörðuskóla þarf væntanlega að bæta við nýju rými sem getur kostað um 200-400 m.kr.

Hugmyndin mun í heild kosta borgina um 2 milljarða króna en þá eru inni í þeirri fjárhæð uppkaup á skólahúsnæði MS fyrir Vogaskóla og á hlut ríkisins í Vörðuskóla.

Helstu kostir:

Leiðin býður upp á viðunandi heildarlausn í húsnæðismálum framhaldsskóla til lengri tíma litið. MS og Kvennaskólinn fá góða lausn á sínum húsnæðismálum. Skólarnir verða staðsettir nokkuð miðsvæðis þar sem eru góðar umferðartengingar. Samnýting íþróttamannvirkja er möguleg. Nýr framhaldsskóli í Hamrahlíðarlöndum fær gott húsnæði og staðsetning skólans er góð.

Helstu ókostir:

Framhaldsskóli vestast á ípróttasvæði Vals leysir ekki brýn viðfangsefni borgarinnar í uppbyggingu framhaldsskóla næstu 5-10 árin, þar sem næstu nágrannahverfum er þjónað af 6 framhaldsskólum. Þátttaka Kópavogs í uppbyggingu framhaldsskóla í Reykjavík er ósennileg miðað við þessa útfærslu. Dreifing bóknámsskóla um hverfi og borgarhluta er ekki nægilega góð. Stækkunarmöguleikar Iðnskólans eru takmarkaðir, það vantar bílastæði og umferðaröngþveiti getur skapast í nágrenni skólans. Iðnskólinn fær ekki nýtt sérhæft húsnæði. Uppkaup borgarinnar á húsnæði Vogaskóla eru kostnaðarsöm því húsnæði MS mun aðeins nýtast skólanum að hluta til.

LEIÐ 5***Aðgerðaráætlun:***

- 1) Nýbygging verði reist fyrir MS í Laugardal og miðað við skóla fyrir a.m.k. 900-1.000 nemendur. Gert verði ráð fyrir 8.000-9.000 fermetra skólahúsi. Borgin kaupir núverandi húsnæði MS fyrir Vogaskóla. Borgin leigi skólanum ípróttaaðstöðu í Laugardalshöll. Einnig kemur til álita að endurbyggja húsnæði fyrir MS á núverandi lóð skólans.
- 2) Nýbygging verði reist fyrir Kvennaskólann á uppfyllingu vestan við Ánanaust. Gert verði ráð fyrir 8.000-9.000 fermetra skólahúsi. Núverandi eignir skólans við Fríkirkjuveg og Grundarstíg verði seldar. Borgin leggi til eignarhlut sinn í mannvirkjum skólans við Fríkirkjuveg. Skóli leigi ípróttaaðstöðu af Seltjarnanesbæ eða KR. Óskað verði eftir þátttöku Seltjarnarnesbæjar í stofnkostnaði.
- 3) Nýr framhaldsskóli verði reistur í Hamrahlíðarlöndum og miðað verði við a.m.k. 800 nemendur. Gert er ráð fyrir um 8.000 fermetra skólahúsi ásamt ípróttahúsi og er áætlaður kostnaður 2 milljarðar króna.
- 4) Húsnæði Iðnskólans í Reykjavík verði stækkað með einni hæð ofan á verknámsálmum, jafnframt því sem skólinn losi húsnæði Vörðuskóla. Borgin leysi til sín hlut ríkisins í Vörðuskóla.

Fjárhagsleg áhrif:

Talið er að nýbygging fyrir MS í Laugardal kosti 1,6 milljarð króna fullbúin með búnaði og frágenginni lóð, en án ípróttahúss. Ef núverandi húsnæði skólans er selt á 80 þús. kr.

fermetrann mun það kosta borgina 500-550 m.kr. að leysa húsið til sín. Ef miðað er við að ríkið borgi það sem á vantar verður kostnaður ríkisins a.m.k. 1 milljarður króna.

Áætlað er að nýbygging Kvennaskólans á uppfyllingu vestan við Ánanaust kosti 1,6 milljarð króna fullbúin með búnaði og frágenginni lóð, en án íþróttahúss. Ekki liggja fyrir upplýsingar um kostnað við landfyllingu. Ef Seltjarnarnesbær tekur þátt í stofnkostnaði sem nemur 10% og borgin 30% þarf borgin að greiða 480 m.kr. Áætlað söluverð eigna Kvennaskólans við Frikirkjuveg og Grundarstíg er um 275 m.kr.

Nýr framhaldsskóli í Hamrahlíðarlöndum kostar fullbúinn með íþróttahúsi um 2 milljarða króna. Ef hlutur Mosfellsbæjar verður 10% mun hlutur Reykjavíkurborgar verða 30%, eða 600 m.kr. Ef farin er leið einkaframkvæmdar sýnir reynslan að leigugjald á ári með viðhaldi, tryggingum og opinberum gjöldum er á bilinu 9-10% af stofnkostnaði. Miðað við þessar forsendur má búast við að hlutur borgarinnar í leigugjaldi yrði 55-60 m.kr. á ári.

Ekki liggja fyrir nægilegar upplýsingar um stækkunarmöguleika á húsnæði Iðnskólans til að hægt sé að leggja á það fjárhagslegt mat. Ef skólinn missir húsnæði Vörðuskóla þarf væntanlega að bæta við nýju rými sem getur kostað um 200-400 m.kr.

Hugmyndin mun í heild kosta borgina um 2 milljarða króna en þá eru inni í þeirri fjárhæð uppkaup á skólahúsnæði MS fyrir Vogaskóla og á hlut ríkisins í Vörðuskóla.

Helstu kostir:

Leiðin býður upp á viðunandi heildarlausn í húsnæðismálum framhaldsskóla til lengri tíma litið. MS og Kvennaskólinn fá ágæta lausn á sínum húsnæðismálum. Samnýting íþróttamannvirkja er möguleg. Kvennaskólinn yrði staðsettur á lóð nálægt mörkum Seltjarnarness og líklegt er að Seltjarnarnesbær sé tilbúinn að taka þátt í stofnkostnaði

með borginni. Skólinn gæti verið hverfissskóli fyrir bæjarfélögin tvö. Nýr framhaldsskóli í Hamrahlíðarlöndum fær gott húsnæði og staðsetning hans er góð.

Helstu ókostir:

Þátttaka Kópavogs í uppbyggingu framhaldsskóla í Reykjavík er. Dreifing bóknámsskóla um hverfi og borgarhluta verður ójöfn miðað við þessa útfærslu. Stækkunarmöguleikar Iðnskólans eru takmarkaðir, það vantar bílastæði og betri umferðartengingar. Iðnskólinn fær ekki nýtt sérhæft húsnæði. Uppkaup borgarinnar á húsnæði Vogaskóla eru kostnaðarsöm því húsnæði MS mun aðeins nýtast skólanum að hluta til.

VIÐAUKI

- TÖLULEGAR FORSENDUR OG SPÁR -

TAFLA 1:

SKIPTING ÍBÚA EFTIR HVERFUM OG BÆJARFÉLÖGUM

Höfuðborgarsvæðið:	Íbúar 1/12 2001	Fjöldi 16-20 ára (5 árgangar)	Áætlaður fjöldi á framhaldssk.aldri (4 árgangar)	Hlutfall íbúa á framh.sk.aldri	Áætlaður fjöldi nemenda eftir skólum í hverfi/sveitarfélagi Bóknám	Starfsnám
Reykjavík:	112.268	7.434	5.947	5,30%	7.132	2.081
Vesturbær (Hverfi 1)	16.155	914	731	4,53%		
Austurbær að Kringlum.br.(Hverfi 2)	18.772	995	796	4,24%		
Austurbær norðan Suðurl.br.(Hverfi 3)	13.458	734	587	4,36%		
Austurbær sunnan Suðurl.br. (Hverfi 4)	14.040	863	690	4,92%		
Reykjavík vestan Elliðaáa	62.425	3.506	2.805	4,49%	5.244	1.228
Árbær (Hverfi 5)	8.739	763	610	6,98%		
Breiðholt (Hverfi 6)	21.880	1.651	1.321	6,04%		
Grafarvogur (Hverfi 7)	7.953	797	638	8,02%		
Borgarholt (Hverfi 8)	9.842	627	502	5,10%		
Annað	1.429	90	72	5,04%		
Reykjavík austan Elliðaáa	49.843	3.928	3.142	6,30%	1.888	853
Kópavogur	24.229	1.636	1.309	5,40%	875	281
Hafnarfjörður	20.223	1.620	1.296	6,41%		
Garðabær	8.445	684	547	6,48%		
Bessastaðahreppur	1.740	141	113	6,48%		
Suðursvæði	30.408	2.445	1.956	6,43%	1.164	422
Seltjarnarnes	4.662	369	295	6,33%		
Mosfellsbær	6.293	525	420	6,67%		
Kjós	140	10	8	5,71%		
Sveitarfélög utan Reykjavíkur	65.732	4.985	3.988	6,07%		
Höfuðborgarsvæðið alls:	178.000	12.419	9.935	5,58%	9.171	2.784
Landið allt:	286.275	21.265	17.012	5,94%		

TAFLA 2:

**ÁÆTLUÐ FJÖLGUN ÍBÚA EFTIR SVEITARFÉLÖGUM 1998-2024
SKV. TILLÖGU AÐ SVÆÐISSKIPULAGI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS**

Sveitarfélag:	Íbúar 2001	Íbúar 2012	Íbúar 2024	Fjölgun 2001-2012	Fjölgun (%) 2001-2012
Reykjavík	112.268	123.100	133.800	10.832	10%
Kópavogur	24.229	27.600	26.600	3.371	14%
Garðabær	8.445	13.500	20.300	5.055	60%
Hafnarfjörður	20.223	22.000	26.500	1.777	9%
Bessastaðahreppur	1.740	2.200	2.500	460	26%
Seltjarnarnes	4.662	4.600	4.500	-62	-1%
Mosfellsbær	6.293	9.300	13.800	3.007	48%
Kjósarhreppur	140	140	140	0	0%
Alls:	178.000	202.440	228.140	24.440	14%

	Íbúar 16-20 ára 2001	Áætluð fjölgun íbúa 16-20 ára (%) 2012	Áætluð fjölgun íbúa 16-20 ára 2012	Áætlaður fjöldi íbúa 16-20 ára 2012
Reykjavík	7.434	7%	522	7.956
Kópavogur	1.636	10%	166	1.802
Garðabær	684	44%	298	982
Hafnarfjörður	1.620	6%	104	1.724
Bessastaðahreppur	141	19%	27	168
Seltjarnarnes	369	-1%	-4	365
Mosfellsbær	525	35%	183	708
Kjósarhreppur	10	0%	0	10
Alls:	12.419	10%	1.242	13.661

TAFLA 3:

FJÖLDI NEMENDA Í FRAMHALDSSKÓLUM HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Tölur frá nemendaskrá 2001

	Dagskóli nemendur	Kvöldskóli nemendur	Fjarnám nemendur	Nemendur alls:	Nemenda- ígildi 2003	Bóknám nemendur	Starfsnám nemendur	% framhaldssk.- nema í Reykjavík nem.ígildi 2003	% framhaldssk.- nema á höfuðb.sv. nem.ígildi 2003
<i>Vesturbær (hverfi 1):</i>									
Menntaskólinn í Reykjavík	731			731	747	731			
<i>Austurbær (hverfi 2):</i>									
Kvennaskólinn í Reykjavík	515				503	515			
Menntaskólinn við Hamrahlíð	993	380		1.373	858	1.373			
Lönskólinn í Reykjavík	1.585	385		1.970	1.295	848	1.122		
Samtals:	3.093	765	0	3.343	2.656	2.736	1.122		
<i>Norðurbær (hverfi 3):</i>									
Menntaskólinn við Sund	712			712	672	712			
<i>Suðurbær (hverfi 4):</i>									
Fjölbautaskólinn við Ármúla	841		26	867	658	761	106		
Verslunarskóli Íslands	1.016			1.016	1.090	1.016			
Samtals:	1.857	0	26	1.883	1.748	1.777	106		
Reykjavík vestan Elliðaáa alls:	6.393	765	26	6.669	5.823	5.244	1.228	77%	59%
<i>Árbær (hverfi 5):</i>									
<i>Breiðholt (hverfi 6):</i>									
Fjölbautaskólinn í Breiðholti	1.191	975		1.866	1.028	1.305	561		
<i>Grafarvogur (hverfi 7):</i>									
<i>Borgarholt (hverfi 8):</i>									
Borgarholtsskóli	795	80		875	697	583	292		
Reykjavík austan Elliðaáa alls:	1.986	1.055	0	2.741	1.725	1.888	853	23%	17%
Reykjavík alls:	8.379	1.820	26	9.410	7.548	7.132	2.081	100%	76%
<i>Kópavogur:</i>									
Menntaskólinn í Kópavogi	1.011	145		1.156	874	875	281		9%
Flensborgarskóli	565			565	514	565			
Lönskólinn í Hafnarfirði	480			480	437	62	422		
Fjölbautaskólinn í Garðabæ	537			537	489	537			
Suðursvæði alls:	1.582			1.582	1.440	1.164	422		15%
Höfuðb.svæðið utan Rvíkur:	2.593	145		2.738	2.314	2.039	703		
Höfuðborgarsvæðið alls:	10.972	1.965	26	12.148	9.862	9.171	2.784		

Nýsír hf.- Tillögur að stefnumörkun Reykjavíkurborgar í byggingarmálum framhaldsskóla.

TAFLA 4:

FRAMHALDSSKÓLAR Á ÍSLANDI

Skóli	Áætluð nem.- ígildi 2003	% bók- náms	Rekstrargjöld milljónir króna	Þús. kr. Á nemanda	Fermetrar	Ferm. á nem.ígildi
Menntaskólinn í Reykjavík	747	97,8%	313,8	420	5.730	7,6
Kvennaskólinn í Reykjavík	503	96,7%	216,6	431	2.750	5,5
Menntaskólinn við Sund	672	97,2%	285,4	425	6.590	9,8
Verslunarskóli Íslands	1.090	97,6%	435,6	400	8.100	7,6
Menntaskólinn við Hamrahlíð	858	96,4%	374,6	437	7.194	8,4
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	658	88,9%	304,3	462	4.325	6,6
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.028	78,2%	522,4	508	10.450	10,2
Borgarholtsskóli	697	71,7%	420,7	604	10.500	15,1
Iðnskólinn í Reykjavík	1.295	45,2%	839,6	648	14.575	11,2
Reykjavík alls:	7.548	82,6%	3.713	492	70.214	9,1
Menntaskólinn í Kópavogi	874	87,8%	436,4	499	9.266	10,6
Flensborgarskóli	514	93,6%	236,4	460	6.512	12,7
Iðnskólinn í Hafnarfirði	437	44,5%	329,4	754	4.450	11,3
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	489	91,2%	219,9	450	5.411	11,1
Höfuðborgarsvæðið utan Rvík.	2.314	81,6%	1.222	528	25.639	11,4
Höfuðborgarsvæðið alls:	9.862	82,4%	4.935	500	95.853	10
Fjölbrautaskóli Vesturlands	538	81,4%	282	524	6.686	12,5
Menntaskólinn á Ísafirði	237	82,6%	142,9	603	3.915	16,6
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	353	88,5%	183,5	520	4.250	12,1
Menntaskólinn á Akureyri	600	97,7%	267,6	446	7.334	12,2
Verkmenntaskólinn á Akureyri	990	78,6%	542,7	548	11.328	11,4
Framhaldsskólinn á Laugum	95	94,8%	64,5	679	3.500	36,8
Framhaldsskólinn á Húsavík	119	95,0%	76,4	642	1.700	14,2
Menntaskólinn á Egilsstöðum	264	95,6%	136,6	517	2.570	9,7
Verkmenntaskóli Austurlands	132	73,4%	100,8	764	3.495	26,5
Framhalds.sk. í A-Skaftafellssýslu	63	89,9%	48,3	767	903	14,3
Menntaskólinn á Laugarvatni	130	94,7%	87,3	672	2.595	20
Fjölbrautaskóli Suðurlands	695	87,4%	343,8	495	7.531	10,9
Framhalds.sk. í Vestmannaeyjum	201	88,2%	116,9	582	3.172	15,8
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	607	86,3%	297,7	490	5.969	9,8
Landsbyggðin alls:	5.024	86,6%	2.691	536	64.948	16
Ísland alls:	14.886	83,8%	7.626	512	160.801	13

Nýsír hf.- Tillögur að stefnumörkun Reykjavíkurborgar í byggingarmálum framhaldsskóla.

TAFLA 5:

NÝTING Á RÝMI FRAMHALDSSKÓLA Á ÍSLANDI

Skóli	Stofur fm. Hlutfall 40%	Stofur fm. Nýtt líkan	Almennt rými Hlutfall 60%	Almennt rými Nýtt líkan
Menntaskólinn í Reykjavík	2.292	2.831	3.438	3.654
Kvennaskólinn í Reykjavík	1.100	1.864	1.650	2.440
Menntaskólinn við Sund	2.636	2.485	3.954	3.300
Verslunarskóli Íslands				
Menntaskólinn við Hamrahlíð	2.878	3.180	4.316	4.641
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	1.730	2.495	2.595	3.602
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	4.180	5.231	6.270	7.021
Borgarholtsskóli	4.200	3.494	6.300	5.024
Iðnskólinn í Reykjavík	5.830	6.923	8.745	7.497
Reykjavík alls:	24.846	28.503	37.268	37.179
Menntaskólinn í Kópavogi	3.706	3.653	5.560	4.788
Flensborgarskóli	1.780	1.931	2.669	2.735
Iðnskólinn í Hafnarfirði	1.780	2.229	2.670	3.284
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	2.164	1.888	3.247	2.264
Höfuðborgarsvæðið utan Rvík.	9.430	9.701	14.146	13.071
Höfuðborgarsvæðið alls:	34.276	38.204	51.414	50.250
Fjölbrautaskóli Vesturlands	2.674	2.317	4.012	3.189
Menntaskólinn á Ísafirði	1.566	989	2.349	1.594
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	1.700	1.460	2.550	2.065
Menntaskólinn á Akureyri	2.845	2.240	4.268	3.088
Verkmenntaskólinn á Akureyri	4.366	4.318	6.550	6.191
Framhaldsskólinn á Laugum	1.400	357	2.100	750
Framhaldsskólinn á Húsavík	680	448	1.020	892
Menntaskólinn á Egilsstöðum	1.028	1.021	1.542	1.580
Verkmenntaskóli Austurlands	1.398	566	2.097	971
Framhalds.sk. í A-Skaftafellssýslu	361	246	542	507
Menntaskólinn á Laugarvatni	1.038	500	1.557	853
Fjölbrautaskóli Suðurlands	3.012	2.918	4.519	3.705
Framhalds.sk. í Vestmannaeyjum	1.269	905	1.903	1.325
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	2.388	2.493	3.581	3.279
Landsbyggðin alls:	25.725	20.778	38.590	29.989
Ísland alls:	60.001	58.982	90.004	80.239

Ath gamlar tölur 4.449

Ath gamlar tölur 10.916

TAFLA 6:

ÁÆTLUÐ FJÖLGUN NEMENDAÍGILDA TIL ÁRSINS 2012

Skóli	Áætluð nemenda- ígildi 2003	Aukning vegna fjölgunar íbúa 16-20 ára 2012	Aukið þátttöku- hlutfall (5%)	Áætluð nemenda- ígildi 2012	Áætluð fjölgun nem.ígilda 2012
Menntaskólinn í Reykjavík	747				
Kvennaskólinn í Reykjavík	503				
Menntaskólinn við Sund	672				
Verslunarskóli Íslands	1.090				
Menntaskólinn við Hamrahlíð	858				
Fjölbrotaskólinn við Ármúla	658				
Fjölbrotaskólinn í Breiðholti	1.028				
Borgarholtsskóli	697				
Iðnskólinn í Reykjavík	1.295				
Nýr skóli í Keldnaholtum/Hamrahlíðarlöndum					
Reykjavík alls:	7.548	528	404	8.480	932
Menntaskólinn í Kópavogi	874				
Flensborgarskóli	514				
Iðnskólinn í Hafnarfirði	437				
Fjölbrotaskólinn í Garðabæ	489				
Aukin pláss í Garðabæ og Hafnarf.					
Höfuðborgarsvæðið alls:	9.862	986	542	11.391	1.529

Forsendur :

2001	Ísland	Höfuðborgarsvæðið	Landsbyggð
Íbúar 16-20 ára	21.265	12.419	8.846
Nemendaígildi í framhaldsskóla	14.775	9.880	4.895
Þátttökuhlutfall	69,5%	79,6%	55,3%